



Ársskýrsla 2008



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Ársskýrsla 2008





„SÓLIN BROSIR MEÐ HJARTANU OG ÞAÐ GERUM VIÐ LÍKA.“

STARFSMENN SORPHIRÐU AKUREYRARBÆJAR



Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2009
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirllestur og prófarkir:	Brynja Björk Pálsdóttir og Gunnar Frímannsson
Ljósmyndir:	Valur Eypórsson
Hönnun og umbrot:	Stíll
Prentun og bókband:	Ásprent

EFNISYFIRLIT

Ávarp bæjarstjóra	4
Bæjarstjórn og bæjarráð	5
Akureyrarstofa	5
Búsetudeild	6
Fasteignir Akureyrarbæjar	7
Fjármála- og hagþjónusta	8
Fjölskyldudeild	9
Framkvæmdadeild	10
Heilsugæslustöðin	12
Íþróttadeild	12
Samfélags- og mannréttindadeild	13
Skipulagsdeild	14
Skóladeild	15
Starfsmannþjónusta	18
Öldrunarheimili	20
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum 31. desember 2008	22
Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum	23
Fulltrúar Akureyrarbæjar í stjórnnum fyrirtækja	23





ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Ágætu Akureyringar,

Árið 2008 var á margan hátt afar gott ár hér á Akureyri og framan af leit út fyrir að þetta yrði ár jafnvægis og árangurs - en atburðir síðustu mánaða ársins settu þar stórt strík í reikninginn.

Árið 2008 var mikið framkvæmdaár hér í bæ. Teknar voru skóflustungur að Naustaskóla og íþróttahúsi við Giljaskóla. Áfram var haldið með menningarhúsið Hof og íþróttasvæðið við Hamar. Fjölmarginir verktakar á Akureyri leggja þar gjörva hönd á plóg og bera þessi hús kunnáttu þeirra og færni gott vitni. Alls sköpuðust á milli 130 og 150 störf í tengslum við verkefni Fasteigna Akureyrarbæjar.

Í Hrísey var tekið í notkun fjölnota hús til íþróttaiðkunar og samkomuhalds og mun tilkoma þess vonandi auka enn frekar ferðamannastraum til eyjunnar og verða íbúum í þessu nyrsta hverfi bæjarins til heilsubótar og yndisauka.

Akureyringum hefur fjölgað um 270 manns á árinu og við erum komin vel á 18. þúsundið sem er ánægjuleg staðreynd. Við fögnuðum íbúa númer 17.500 sem var drengur og annað barn hjóna sem hingað fluttust gagngert til að stunda nám.

Jafnréttismál hafa verið í brennidepli á árinu sem endranær og það var gleðilegt þegar í ljós kom að Akureyrarbær skipar efsta sæti á svokallaðri Jafnréttisvog sem er Evrópuverkefni stýrt af Jafnréttisstofu. Bæjarstjórn Akureyrar samþykkti í september að undirrita Jafnréttissáttmála Evrópuþjóða. Sáttmálinn er ekki lagalega bindandi en hann felur í sér pólitíska viljayfirlýsingu sveitarfélagsins til að vinna að auknu jafnrétti karla og kvenna. Hann felur jafnframt í sér ýmis nýmæli fyrir íslensk sveitarfélög í jafnréttismálum og getur reynst öflugt verkfæri til að vinna að jafnrétti kynjanna.

Við tókum á móti fjölda góðra gesta á árinu. Akureyrarbær hefur markvisst eftt markaðssetningu sína og við lítum á ferðapjónustuna sem einn af lykilþáttunum í atvinnusköpun framtíðarinnar.

Stöðugt fjölgar heimsóknum skemmtiferðaskipa hingað í Eyjafjörð og skipin setja svo sannarlega svip sinn á Akureyri þá daga sem þau eru í höfn. Til fyrirmyndar hefur verið sú samvinna og samstaða sem hefur ríkt hjá ferðapjónustuaðilum sem eiga alla jafna í harðri samkeppni sín á milli en þeir hafa kynnt sig undir sameiginlegum slagorðum: Komdu norður, Öll lífins list og Adventuævintýri. Þar hefur tilkoma Akureyrarstofu skipt miklu máli við að leiða saman aðila undir þeim formerkjum að hagur eins sé hagur allra.

Annað dæmi um samvinnu er verslunarmannahelgin. Eins og á yfirmáttúrlagan hátt varð torgið okkar grænt á einni nóttu við mikinn fögnuð fólks á öllum aldri. Helgin tókst afar vel á árinu 2008 í góðri samvinnu tuga aðila sem settu sér sameiginleg markmið og lögðu allt undir til að ná þeim fram.

Þegar efnahagskreppan skall á okkur á haustdögum var sett á

lagginnar Almannaheillanefnd Akureyrar en að henni koma auk bæjarins Heilsugæslustöðin, Rauði krossinn, báðar kirkjurnar, verkalýðsfélögin, framhaldsskólarnir, Háskólinn, Vinnuálastofnun og Sjúkrahúsið. Tilgangur nefndarinnar var að setja upp eins konar öryggisnet fyrir íbúana og fylgjast með stöðu mála. Nefndin er til ráðgjafar fyrir bæjarstjóra, bæjarráð og aðrar nefndir bæjarins og leitast er við að koma tillögum hennar og ábendingum strax til verka innan kerfis sem utan. Á vettvangi almannaheillanefndar verður ekki unnið með hávaða heldur með virðingu fyrir einstaklingnum enda er markmiðið bættur hagur hans, sem er í reynd bættur hagur okkar allra. Ég er afar stolt af þessu verklagi og að sjá hversu reiðubúin félagasamtök, stofnanir og einstaklingar eru til að leggja sitt af mörkum.

Akureyrarbær hefur verið vel rekið sveitarfélag á undanförmum árum og þess vegna vorum við vel undir það búin að mæta erfiðleikum. Það er á stundum sem þessum sem styrkleikar hvers samfélags sýna sig og við getum öll verið stolt af þeim styrk sem býr í Akureyringum og á honum munum við byggja framtíðina. Ef við öll snúum bókum saman eins og ferðapjónustuaðilarnir gerðu á árinu 2008, verða tímabundnir erfiðleikar okkar nú senn að baki.

Akureyri í febrúar 2009,

Sigrún Björk Jakobsdóttir.


Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri

Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 17.253 hinn 1. desember 2007. Hinn 1. desember 2008 voru þeir 17.522 og hafði fjölgað um 269 eða um 1,54%. Karlar voru 8.674 og konur 8.848.

Frá 2. desember 2007 til 1. desember 2008 fæddust 262 börn en 120 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá voru brottfluttir frá 2. desember 2007 til 1. desember 2008 1.116 en aðfluttir til bæjarins 1.243, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 127. Flutningar innan bæjarins voru 2.103 á árinu 2008.

Elsti íbúi bæjarins 1. desember 2008 var Lára Þorsteinsdóttir, 103 ára.



Bæjarstjórn og bæjarráð

Á árinu voru haldnir 18 fundir í bæjarstjórn og 42 fundir í bæjarráði. Á fundi bæjarstjórnar þann 3. júní 2008 var Kristján Þór Júlíusson endurkjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Sigrún Stefánsdóttir 1. varaforseti og Jóhannes Gunnar Bjarnason 2. varaforseti. Hermann Jón Tómasson var endurkjörinn formaður bæjarráðs. Ásamt honum voru kosin í bæjarráð Elín Margrét Hallgrímsdóttir, varaformaður, Hjalti Jón Sveinsson, Baldvin Halldór Sigurðsson og Jóhannes Gunnar Bjarnason. Oddur Helgi Halldórsson er áheyrnarfulltrúi.

Bæjaryfirvöld hafa með ýmsum hætti leitast við að auka áhrif bæjarbúa á umhverfi sitt og ákvarðanir um bæjarmál. Hálfsmánaðarlegir viðtalstímar bæjarfulltrúa yfir vetrartímann hafa verið auglýstir meira en áður en þeir eru góður vettvangur íbúa til að koma skoðunum sínum og erindum á framfæri. Stofnað hefur verið neytendaráð við þrjár stórar þjónustustofnanir bæjarins, Sundlaug Akureyrar, Amtsbókasafnið og Tónlistarskólann en tilgangur þeirra er að gefa notendum þjónustunnar tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við forstöðumenn. Svipuðum tilgangi þjónar aðstandendafélag sem stofnað hefur verið við Öldrunarheimili Akureyrarbæjar. Hverfisnefndir starfa nú í öllum skólahverfum en þær geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu

„ÞAÐ VERÐUR ENGINN SVIKINN
AF ÞVÍ AÐ HALDA TRYGGÐ VIÐ EYJAFJÖRD.“

DAVÍÐ STEFÁNSSON

hverfi, annaðhvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld.

Líður í aðgerðum stjórnvalda til að auka áhrif íbúa var þegar stjórnsýslunefnd gekkst fyrir íbúapingi eða svonefndum Lýðræðisdegi 12. apríl. Haft var samráð við hverfisnefndir og hverfisráð um val á umfjöllunarefnum sem urðu 8 og fjallað var um í jafnmörgum málstofum. Í hverri málstofu var frummælandi sem reifaði umræðuefnið en á eftir framsögunni voru almenningar umræður. Málstofurnar voru endurteknar þannig að hver þátttakandi gat tekið þátt í tveimur málstofum. Nemendur úr Háskólanum á Akureyri drógu saman meginatriðin úr umræðum í hverri málstofu og voru þau birt í Vikudegi sem gerði Lýðræðisdeginum góð skil 30. apríl. Niðurstöðurnar hafa verið ræddar á fundum stjórnenda stofnana og deilda bæjarins. Um 150 manns tóku þátt í Lýðræðisdeginum sem var haldinn í Brekkuskóla.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa er menningar-, markaðs-, og ferðamálskrifstofa Akureyrarbæjar og fer einnig með atvinnumál fyrir hönd sveitarfélagsins. Árið 2008 var fyrsta heila starfsár hennar. Ein meginbreytingin sem varð með tilkomu Akureyrarstofu er beinni þátttaka í þróun og uppbyggingu ferðapjónustu í bænum en áður hefur verið og einkenndi það fyrstu skrefin, auk hefðbundinna verkefna í menningar- og kynningarmálum. Akureyri er miðdepill starfseminnar en mikið samstarf er við Atvinnuþróunarfélag Eyfirdinga í atvinnumálum og Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi í verkefnum á sviði ferðapjónustu. Akureyrarstofa tók þátt í fjöldamörgum verkefnum á sviði ferðamála og stýrði sumum: Sögusiglingar Húna II á Pollinum, Lifandi leiðsögn um Innbæinn, Skapandi sumarstörf í miðbænum, átakið Komdu norður og markaðsvinna með verslunum og þjónustu í miðbænum á Akureyri. Þá var hafin vinna við nýjan verslunarvef fyrir Akureyri í samstarfi við verslunarmenn og hugbúnaðarhúsið Stefnu.

Þá tókst gott samstarf milli Akureyrarstofu og þeirra hagsmunaaðila sem staðið hafa fyrir hátíðinni „Ein með öllu“ um verslunarmannahelgina. Margrét Blöndal var fengin til þess að stýra undirbúningi og framkvæmd hátíðarinnar sem þótti takast með afbrigðum vel. Sérstaka athygli oghvöktu hjörta sem sett voru í öll rauð umferðarljós í bænum og hafa verið þar





Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ólafur Sveinsson og Þóra Hjörleifsdóttir, starfsfólk Hlíðarskóla.

þangað sóttu 724 á árinu. Notkun á safnkostinum jókst einnig á milli ára en gestir fengu afnot af 3.526 skjalanúmerum sem er 20,6% aukning frá fyrra ári. Á árinu voru áberandi fyrirspurnir og beiðnir um leit í jarðaskjölum vegna krafna ríkisins í þjóðlendumálum. Sýningarhald var samkvæmt venju, safnið tók þátt í sýningu Leikminjasafns Íslands um leiklist á Akureyri og á Norræna skjaladeginum var sett upp sýningin „100 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar 1962“.

Minjasafnið á Akureyri tók við rekstri Nonnahúss í kjölfar þess að Zontakonur afhentu Akureyrarbæ það til eignar. Sýningar um Nonna voru settar upp í Japan og í Þýskalandi. Sýning um Sigríði móður Nonna hér á Akureyri og farið var í vel sóttu „Nonnagöngu“. Mjög margir sóttu Minjasafnið sjálft heim þó gestum fækkaði á milli ára. Gestirnir voru 28.713, þar af komu í Gamla bæinn Laufás um helmingur eða 14.533.

Íslensku Sjónlistaverðlaunin voru afhent í 3. sinn í september. Steingrímur Eyfjörð hlaut Sjónlistaorðuna á sviði myndlistar en Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir hlaut verðlaunin á sviði hönnunar. Heiðursorða Sjónlistar féll í skaut Steinu, Steinunnar Bjarnadóttur, myndlistarkonu fyrir framlag hennar til alþjóðlegrar myndbandslistar. Starfsemi Listasafnsins á Akureyri var blómleg og sóttu 20.250 gestir safnið heim og nemendur í safnfræðslu voru 1.602. Meðal sýninga á árinu má nefna Búdda er á Akureyri, Bæ bæ Ísland og sýningu Guðmundar Ármanns, myndlistarmanns á Akureyri, Gáru, sem laðaði til sín langflestu gesti eða 6.311.

Sumardaginn fyrsta var að venju tilkynnt um starfslaun og viðurkenningar stjórnar Akureyrarstofu. Myndlistarkonan Anna Gunnarsdóttir og dansarinn og fjöllistakonan Anna Richardsdóttir fengu starfslaun listamanna og veitt var viðurkenning Húsverndarsjóðs fyrir endurbætur á Gamla barnaskólanum við Hafnarstræti 53.

Starfsemi Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili og Listasumars var blómleg. Miðstöðin á í samstarfi við fjölmarga aðila um margbreytilega viðburði í Listagilinu og sem dæmi má nefna samstarf við Tónlistarfélag Akureyrar um tónleikaröðina „Föstudagsfreistingar“, samstarf við Tangófélag Norðurlands um svonefnd „Milonga – Tangókvöld“, fyrirlestraraðir í samvinnu við Listnámsbraut VMA, svo fátt eitt sé nefnt. Listasumar stóð að venju í 8 vikur, fjölgun varð á gestum og voru erlendir gestir á viðburðum enn meira áberandi en áður. Sumrinu lauk svo á Akureyrarvöku í lok ágúst.

Starfsemi Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands gekk vel. Ríflega 4.000 gestir sóttu tónleika hljómsveitarinnar, auk fjölda ungra tónlistarunnenda á skólatónleikum sveitarinnar. Fyrir utan eigið tónleikahald átti hljómsveitin í samstarfi við fjölmarga aðila, Hafnarfjarðarbæ 100 ára, Kórástefnu við Mývatn, Leikfélag Akureyrar á Akureyrarvöku og þór vegna aðventutónleika.

Velgengni Leikfélags Akureyrar hélt áfram á leikárinu 2007-2008. Gestaföldi var um 35.000 og var meirihluti þeirra gestir sem sækja Akureyri heim til þess að njóta sýninga félagsins. Langvinsælasta sýningin var Fló á skinni sem laðaði til sín ríflega 14.000 gesti.

Búsetudeild

Búsetudeild sér um fjölbreytta þjónustu sem öll miðar að því að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerta færni og breytingar á högum sem kunna að verða samfara hækkanði aldri, fötlun eða veikindum. Auk þjónustu við íbúa Akureyrar sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum þar að lútandi. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, sambýli og þjónustulíðir fatlaðra, skammtíamavistun fatlaðra, dagþjónusta og félagsstarf eldri borgara, ráðgjöf iðjubjálfa og heilsueflandi heimsóknir til aldraðra.

Búsetudeild býr að því að hafa á að skipa fjölmörgum frábærum starfsmönnum sem sýna metnað, dugnað og jákvæðni í daglegum störfum. Umtalsverður hópur starfsmanna hefur langa starfsreynslu og er ómetanlegt fyrir þjónustu deildarinnar hversu traustur starfsmannahópurinn er.

Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 285 talsins í 159 stöðugildum. Af þessum 285 voru 77 tímaráðnir til starfa í félagslegri liðveislu. Karlar voru 74 í 42 stöðugildum og konur 211 í 117 stöðugildum. Karlar eru þannig 26% starfsmanna í 26,4% stöðugilda og konur eru 74% starfsmanna í 73,6% stöðugilda. Kynjaskipting er afar misjöfn milli þjónustubáttá. Í heimaþjónusta og félagsstarfi eldri borgara starfa til dæmis nær eingöngu konur en í búsetuþjónustu og skammtíamavistun fatlaðra eru karlar í um 45% stöðugilda. Þessi jafna kynjaskipting í þjónustu við fatlaða er líklega einsdæmi á Íslandi og reynslan hefur sýnt að þjónustan mætir betur þörfum notendanna þegar bæði kynin starfa að henni enda eru notendur að sjálfsögðu bæði konur og karlar. Æskilegt þykir að fá fleiri karla til starfa í heimaþjónustu svo og dagþjónustu og félagsstarfi eldri borgara.

Félagsleg heimaþjónusta er stöðugt að þróast og breytast í takt við breyttar þarfir og kröfur bæjarbúa. Vegna þeirrar stefnu að þjónusta fólk sem mest heima og fresta innlögn á hjúkrunarheimili eins og kostur er fá sífellt fleiri umfangsmikla heimaþjónustu. Þjónustan skiptist nú í tvo hluta, Heimaþjónusta A og Heimaþjónusta B. Heimaþjónusta A sinnir þeim sem þurfa í allt að 10 tíma á viku og alls fengu 563 heimili slíka þjónustu á árinu. Heimaþjónusta B sér um þjónustu við þá sem þurfa meira en 10 tíma þjónustu á viku eða þurfa eingöngu þjónustu utan dagvinnutíma og í árslok fengu 30 einstaklingar slíka þjónustu. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins.

Í júlí var tekin í notkun nýinnréttuð hverfismiðstöð fyrir starfsfólk heimaþjónustu og heimahjúkrunar á Brekkunni. Nýja aðstaðan er á 2. hæð í norðurenda Íþróttahallarinnar við Skólastíg. Húsnæðið er opið og bjart og eru aðstæður þar eins og best verður á kosið. Fyrri staðsetning var í kjallara þjónustumiðstöðvarinnar í Víðilundi og var það húsnæði fyrir allnokkru orðið of lítið.

Félagsleg liðveisla er ætluð fötluðum sem þurfa aðstoð við að rjúfa einangrun. Markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar-

„ÞEGAR TVÖ HJÖRTU MÆTAST KVIKNAR BROS Í BÁÐUM.“

ÞÓRA HJÖRLEIFSDÓTTIR

og félagslífs. Alls fengu 115 einstaklingar liðveislu á árinu um lengri eða skemmri tíma. Yfirleitt fær hver notandi 10-16 tíma þjónustu á mánuði. Betur gekk en oft áður að ráða starfsmenn til liðveislunnar.

Búsetuþjónusta fyrir fatlaða sem búa í þjónustulíðum eða sambýlum var í nokkuð föstum skorðum á árinu. Alls nutu 69 einstaklingar slíkrar þjónustu þar af 11 á áfangaheimili fyrir fólk sem hefur átt við geðröskun að stríða. Búsetuþjónustan snýst um að aðstoða fatlað fólk við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Unnið er að því að útvega öllum íbúum viðunandi einkarými en í lok ársins 2008 bjuggu 28 íbúar í svokölluðum herbergjasambýlum þar sem eina einkarými íbúanna er svefnherbergið, öðrum hlutum íbúðarinnar deila þeir. Biðlistar eftir búsetu með þjónustu halda áfram að lengjast og í árslok biðu 18 einstaklingar.

Skammtíamavistun fatlaðra er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímaþundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðna með fötlun sem enn búa í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Bóðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Gestir á árinu voru 25, þar af 14 börn og 11 fullorðnir. Þjónustan breyttist töluvert á árinu þar sem eldri gestum hefur fækkað en í staðinn hafa komið inn mikið fötluð börn sem þurfa öðruvísi og töluvert meiri þjónustu.

Þjónusta við fatlaða á Akureyri hefur lengi verið í fremstu röð á landsvísi og í mörgu tilliti hefur þjónustan hér verið í fararbroddi hvað varðar nýjungar og framfarir. Akureyrarbær hefur rekið þjónustuna sem áður tilheyrði Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra frá 1996 og óhætt er að segja að á þeim tíma hefur verið haldið áfram að bæta þjónustuna með það að markmiði að jafna möguleika fatlaðra og auka þátttöku þeirra í samfélaginu. Búsetudeildin var á árinu tilnefnd til hvatningarverðlauna Öryrkjabandalags Íslands í flokki stofnana en verðlaunin eru veitt þeim sem þykja hafa með jákvæðum hætti stuðlað að einu samfélagi fyrir alla. Á alþjóðadegi fatlaðra, 3. desember, var svo tilkynnt að deildin hlýti þessi verðlaun fyrir frumkvöðlastarf í útfærslu á „Independent living“, notendastýrðri þjónustu fyrir fatlaða. Verðlaunin eru vissulega mikill heiður en þó fyrst og fremst hvatning til að halda áfram á sömu braut því þrátt fyrir allt eignum við töluvert langt í land með að bjóða upp á það sem kallast getur notendastýrð þjónusta.

Líflegt félagsstarf ætlað 60 ára og eldri er starfrækt í tveimur félagsmiðstöðvum: í Víðilundi og Bugðusiðu. Starfsemin er afar fjölbreytt og í stöðugri mótun og er unnið með notendaráði að þeirri þróun. Notendaráðið skipa tíu kjörnir fulltrúar úr hópi notenda. Ráðið fundar reglulega með forstöðumanni og hefur auk þess fasta viðtalstíma einu sinni í mánuði í félagsmiðstöðvunum og heldur aðalfund að vori og almennan opin fund að hausti.

Í nóvember var ráðist í mikið kynningarátak á starfsemi félagsmiðstöðvanna. Send voru bréf til allra 60 ára og eldri í sveitarfélaginu þar sem vakin var athygli á starfseminni og fólkí bóðið að

koma í heimsókn. Markmiðið var að kynna alla þá þjónustu, námskeið og afþreyingu sem þessum aldurshópi stendur til boða. Þá viku sem átakið stóð yfir fengu gestir leiðsögn um félagsmiðstöðvarnar með starfsfólki og notendaráði. Kynningarvikan tókst afar vel og heimsóttu rúmlega 1.100 manns félagsmiðstöðvarnar þessa viku.

Dagþjónusta fyrir aldraða í Víðilundi getur tekið á móti 16 gestum dag hvern og er vaxandi spurn eftir þjónustunni enda stöðugt fleiri aldraðir sem búa lengur heima og dagþjónustunni er einmitt ætlað að mæta þeim hópi heimabúandi aldraðra sem þurfa nokkuð mikla aðstoð yfir daginn. Þjónustuna nýttu alls 48 einstaklingar á árinu, 38 konur og 10 karlar. Starfsemin styrktist þegar unnt var að ráða iðjubjálfa í stöðu deildarstjóra auk þess sem sjúkraliði er í stöðu hópstjóra.

Í aprílmánuði var gengið frá endurnýjuðu samkomulagi bæjarins og Félags eldri borgara varðandi samstarf um tómstunda- og félagsstarf eldri borgara og stuðning bæjarins við félagið í formi húsnæðis og fjárstyrks. Samvinnan hefur gengið vel og ánægja er með samkomulagið af beggja hálfu.

Fasteignir Akureyrarbæjar

Þann 8. júní 2008 var Íþróttamiðstöðin í Hrísey vígð. Ljóst er að þessi framkvæmd gjörbreytir allri aðstöðu fyrir þá sem búa í Hrísey og einnig fyrir þá sem heimsækja eyjuna, þar sem eftir breytingar verður í eygni skemmtileg aðstaða til íþróttaiðkunar, sundaðstaða, aðstaða fyrir samkomur og ýmsar tómstundir. Húsnæðið er hið glæsilegasta og er fólk ánægt með það hvernig til tókst.

Fyrsti áfangi Naustaskóla var boðinn út á vordögum 2008 og er áætlað að framkvæmdum við þann hluta ljúki í ágúst 2009. Skóflustunga að húsinu var tekin í júní og verður heildarstærð skólans um 6.200 m² með íþróttahúsi. Við hönnun skólans var ákveðið að tengja hann við leikskólann Naustatjörn þannig að skólastiginn vinni saman sem ein heild.

Áhersla verður lögð á að skólinn verði þannig að allir eigi þar greiðan aðgang og að skólinn verði hverfismiðstöð. Unnið er út frá því að starf Naustaskóla einkennist af virðingu, víðsýni, hlýju og samvinnu þar sem lögð verður áhersla á að byggja upp sjálfstæða einstaklinga með jákvæða sjálfsmynd, einstaklinga sem kunna hagnýt vinnubrögð og vita hvert þeir eiga að leita til að afla sér upplýsinga og fræðast.

Á vordögum 2008 voru framkvæmdir við byggingu fimleika- og íþróttahúss við Giljaskóla boðnar út og í júní var fyrsta skóflustungan að húsinu tekin. Markmiðið með þessari framkvæmd er að byggja upp afburða aðstöðu fyrir Fimleikafélag Akureyrar, ásamt aðstöðu fyrir leikfimikennslu og sérdeild Giljaskóla. Húsið er staðsett norðan Giljaskóla og er innangengt um neðanjarðartengingang milli húsanna. Salurinn er tvískiptur: annars vegar íþróttasalur þar sem mun fara fram íþróttakennsla og ýmis konar samkomuhald og hins vegar fimleikasalur sem búinn er tækjum af fullkomnustu gerð. Heildarstærð byggingarinnar verður 2.674 m² og er áætlað að húsið verði tilbúið til notkunar fyrir hluta árs 2010.





Ágústa Ólafsdóttir og Þóra Kristín Óskarsdóttir, Tónlistarskólanum á Akureyri.

Uppbygging frjálsíþróttavallar, stúku og knattspyrnuaðstöðu á íþróttasvæði bórs er unnin í samvinnu við Íþróttafélagið Þór og UFA. Keppnisvöllur er 7.140 m² og umhverfis keppnisvöll liggja 8 hlaupabrautir. Aðstaða fyrir tímatöku og mótstjórn verður í stúku. Hluti hlaupabrauta verður með snjöbræðslu og yllagnir verða undir grasi á keppnisvelli. Framkvæmdunum er skipt upp í þrjá hluta og voru þessir hlutar boðnir út á tímabilinu mars til júní 2008. Framkvæmdum á Sunnuhlíðarsvæðinu lauk í ágúst 2008.

Markmiðið með þessum framkvæmdum er að skapa góða framtíðaraðstöðu fyrir íþróttafélagið Þór í knattspyrnu og fyrir Ungmennafélag Akureyrar í frjálsum íþróttum. Einnig er markmiðið að skapa góða umgjörð utan um Landsmót UMFÍ árið 2009. Með tilkomu þessa íþróttaleikvangs verður aðstaða til íþróttaiðkunar á Akureyri orðin með því allra besta sem þekktist á Íslandi.

Á árinu var klárað að ganga frá stuðlabergsklæðningu utan á menningarhúsið HOF og hafist var handa við innangerd hússins og lóð. Allir milliveggir eru komnir upp innandyra, unnið hefur verið töluvert í stóra salnum þar sem m.a. hafa verið settir upp hljóðskildir. Grófvinnu á lóð er lokið. Heildarstærð byggingarinnar verður rúmir 7.400 m² og er áætlað að ljúka við byggingu hússins vorið 2010.

Í Hlíð voru gerðar endurbætur á aðstöðu heimilisfólks og öll aðstaða bætt. Í júlí var síðan vígður glæsilegur þúttvöllur og tjörn á lóðinni. Lóðin er orðin hin glæsilegasta ásamt því að bjóða upp á þessa skemmtilegu afþreyingu.

Áfram var unnið að endurbótum á lóð Glerárskóla. Sett var niður hjólaþrautabraut norðan við skólann og hafnar framkvæmdir við útikennslustofu. Markmið Akureyrarbæjar með endurbótum á lóð Glerárskóla var að búa til skapandi og öruggt umhverfi fyrir börn og uppfylla kröfur um öryggi á leiksvæðum. Tókst það mjög vel í alla staði og hefur lóðin tekið verulegum breytingum.

Þeim áfanga var náð að ljúka við einangrun og uppsetningu hitakerfis í Bogann og hefur sú framkvæmd breytt mikið aðstöðunni í húsina fyrir iðkendur og sérstaklega fyrir áhorfendur þar sem hitastigið er nú ávallt í kringum 10 gráður og rakastigið mun lægra en áður var. Einnig var sett upp vaktbúr fyrir starfsmenn sem bætir mjög aðstöðu þeirra og þar inni er mjög fullkomin stjórnstöð fyrir hitakerfið.

Í Íþróttahöllinni var skipt um gólf á árinu og þar sett fjaðrandi parket. Gólfnið gjörbreytir aðstöðunni fyrir íþróttaiðkendur sem klárlega á eftir að skila sér í bættum árangri. Einnig var haldið áfram viðgerðum á flötum þökum hússins og lokið við norðurendann þar sem skipt var um dúk og þakið hellulagt.

Fjármála- og hagþjónusta

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2008 var samþykkt í bæjarstjórn 11. desember 2007. Sérstök endurskoðun fór fram á áætluninni 18. nóvember 2008.



„AF ÖLLU HJARTA –ÞITT ER VALIÐ.“

ÁGÚSTA ÓLAFSDÓTTIR

Grunnstofn til útreiknings húsaleigubóta á mánuði skal vera 13.500 kr. fyrir hverja íbúð. Að auki bætast við 14.000 kr. fyrir fyrsta barn, 8.500 kr. fyrir annað og 5.500 kr. fyrir þriðja. Til viðbótar koma 15% þess hluta leigufjárhæðar er liggur á milli 20.000 og 50.000 kr. Almennar húsaleigubætur geta aldrei orðið hærri en 50% af húsaleigu. Húsaleigubætur eru skattfrjálsar. Bótaþegar voru 785 í lok árs 2008 en 737 árið 2007. Er það 6,5% aukning á milli ára. Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð á árinu 2008 var sem hér segir:

Gift/samb.	Gift/ samb.					
Atvinnustaða	með börn	án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	34	13	128	50	29	254
Atvinnulaus	4	3	16	1	12	36
Öryrkjar	9	11	35	59	105	219
Ellilífeyrisþegar	0	10	0	27	20	57
Heimavinnandi	2	0	1	0	0	3
Nemar	15	30	36	77	58	216
Samtals	64	67	216	214	224	785

Fjölskyldudeild

Starfsemi Fjölskyldudeildar var hefðbundin á árinu. Stöðugleiki var í starfsmannahópnum þrátt fyrir einhverjar breytingar. Áhersla var lögð á endurmenntun og handleiðslu starfsfólks. Í lok ársins varð sú breyting að þjónustusvæðið stækkaði með því að Grímseyjarhreppur gerði samning við Akureyrarbæ um ráðgjafarþjónustu og varð á sama tíma aðili að Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar. Á árinu var lokið við gerð stefnu og framkvæmdaáætlunar barnaverndarnefndar. Þar er m.a. lögð áhersla á að tryggja traust samfélagsins og þekkingu þess á barnaverndarstarfi og að meðalhófs og jafnræðis sé gætt í vinnslu mála fyrir nefndinni.

Fjölskyldudeild hefur tekið virkan þátt í verkefninu PMT-foreldrafærni og SMT-skólafærni. Á árinu lauk fyrsti starfsmaður deildarinnar meðferðarnámi PMT og þrír hófu meðferðarnám auk þess sem starfsmenn deildarinnar hafa kennt á námskeiðum, handleitt og sinnt innleiðingu SMT í skóla.

Áfram var haldið á þeirri braut að þétta þjónustuna, m.a. með því að vinna betur saman þvert á málaflokka innan deildarinnar og með því að vinna áfram ýmis samþættingarverkefni þvert á stofnanir bæjar og ríkis.

Síðustu þrjá mánuði ársins, mánuðina eftir efnahagshrunið, kom mikilvæg deildarinnar vel í ljós en þá leituðu mjög margir til hennar vegna fjárhagserfiðleika og óvissu um stöðu sína. Um miðjan nóvember og fram að jölum var tekin upp sú nýbreytni í þjónustunni að hafa opið einn seinnipart í viku kl. 16-18 og gat fólk þá hringt eða komið í viðtal án þess að eiga pantaðan tíma og hitt ráðgjafa í félagsþjónustu. Þetta mæltist vel fyrir en var misjafnlega nýtt.

Eftirlur yfir starfsemina eru skoðaðar kemur í ljós að um töluverða fjölgun er að ræða á flestum sviðum. Þannig var heildarfjöldi þeirra sem fékk

fjárhagsaðstoð 365 en hefur undanfarin ár verið um 320. Fjölgunin varð fyrst og fremst á tímabilinu október til desember. Ef litid er til samsetningar hópsins m.t.t. fjölskyldustærðar, atvinnustöðu, aldurs og kyns, er ekki um miklar breytingar að ræða. Yngstu aldurshóparnir eru enn áberandi en 39 einstaklingar voru á aldrinum 20 ára og yngri og 57 einstaklingar á aldrinum 21-25 ára. Í þessum aldurshópum eru hlutfallslega fleiri í atvinnu en árið 2006 en það skýrist af því að stærri hópur fékk aðstoð til þess að stunda vinnu í Fjölsmiðjunni. Einstæðir foreldrar eru stærsti hópurinn en einhleypst fólk, álíka margir karlar og konur. Útgjaldaaukning til fjárhagsaðstoðar á milli árunna 2007 og 2008 varð 8,3%.

Á skólaárinu 2007/2008 fengu fleiri börn þjónustu í gegnum sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla en verið hafði árið áður. Á þjónustusvæðinu voru 2.989 börn í 13 grunnskólum en 1.177 börn í 18 leikskólum. Unnið var í 464 málum grunnskólabarna en 132 málum leikskólabarna.

Barnaverndartilkynningum fjölgaði svo og málum í barnavernd. Um er að ræða 20-25% fjölgun mála. Alls bárust 329 barnaverndartilkynningar sem vörðuðu 210 börn. Unnið var í málefnum 329 barna en fjöldi fjölskyldna var 251. Í árslok voru mál 187 barna í vinnslu. Oftast var tilkynnt um áhættuhegðun barns eða í 145 tilvikum en í 121 tilviki var tilkynnt um vanrækslu barns. Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu eða 126, þeim fjölgaði á milli ára en mest aukning var í tilkynningum frá ættingjum barns. Margvíslegum stuðningsúrræðum var beitt inni á heimilum eða í 122 málum. Átta unglingar fóru til greiningar og meðferðar á Stuðla, 4 til meðferðar í Götusmiðjunni og 4 vistuðust til meðferðar á öðru meðferðarheimili fyrir unglinga. 25 börn voru í fóstri á vegum barnaverndarnefndar á árinu.



Gunnar Ólafsson, Árni Eidsson og Hallur Guðjónsson, sorphirðu Akureyrarbæjar



Ragnar Gunnþórsson, Guðjón Eiríksson, Friðrik Hjaltalín og Arnór Kárasón, sorphirðu Akureyrarbæjar

Á árinu var efnt til samstarfsverkefnis með samfélags- og mannréttindaráði um stuðningshóp fyrir 13-16 ára pílta („Strákahópur“) auk þess sem tilraunaverkefninu „Görpum“ var hleypt af stokkunum þar sem unglingspiltum gafst kostur á líkamsþjálfun við sitt hæfi undir stjórn leiðbeinanda. Í báðum tilvikum var þessum úrræðum beint að piltum í áhættuhópi eða piltum sem áttu við félagslega einangrun að glíma.

Atvinnumál fatlaðra eru hluti af starfsemi deildarinnar. Um er að ræða atvinnu með stuðningi (ams), Hæfingarstöð og Plastiðjuna Bjarg/ lðjulund (PBI). Þessar einingar vinna vel saman og með félagsþjónustunni. Starfsemin var hefðbundin, 50 einstaklingar fengu þjónustu á Hæfingarstöð og 31 einstaklingur fór í vinnu á almennan vinnumarkað með aðstoð ams eftir starfsendurhæfingu á PBI. Á árinu voru gerðir 24 nýir vinnusamningar öryrkja.

PBI er starfsendurhæfingar- og starfsþjálfunarstaður auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlaða í ótímabundinni ráðningu. Í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun voru alls 45 einstaklingar. Í ótímabundinni ráðningu voru alls 34 einstaklingar. Sértekjur vegna sölu og þjónustu drögust saman seinni hluta ársins. Munar þar mest um verulegan samdrátt í sölu raflagnaefnis. Vegna þessa var séð fram á verkefnaskort seinni hluta ársins 2008 og fram á árið 2009. Unnið hefur verið að nýjum hugmyndum að framleiðsluvörum og því hvernig hægt verði að gæta hagæðis í hvívetna. Sérstaklega var farið í átak til að safna úrgangsvaxi til útikertagerðar. Það söfnuðust 3 tonn af vaxi í stað rúmlega 500 kílóa árið áður. Flokkun og Sorpa eru í samstarfi við PBI um söfnun á kertavaxi. Mikil áhersla er lögð á að ná til barna í bænum og þau hvött til að skila kertastubbum en árlega heimsækja 170-200 börn á leikskólum bæjarins kertagerðina.

Önnur þjónusta í málaflokki fatlaðra var hefðbundin. 15 börn nutu þjálfunar á leikfangasafni, 33 börn höfðu stuðningsfjölskyldu og lagt var mat á 40–50 umsóknir um umönnunarbætur.

Framkvæmdadeild

Eitt meginverkefni Framkvæmdadeilda er nýbygging gatna og helstu verkefni ársins 2008 voru nýjar götur í Nesja- og Naustahverfi. Breytingar í efnahagsmálum urðu til þess að í lok ársins var brugðið á það ráð að fresta þeim framkvæmdum sem hægt var og í fyrsta skipti í nokkur ár kláruðust þau verkefni sem stefnt hafði verið að.

Verkefni sem frestað var voru m.a. Týsnes í nýju fyrirhuguðu iðnaðarhverfi í Naustahverfi auk ónefndrar götu austast í sama hverfi. Einnig var framkvæmdum frestað við ónefndar götur í íbúahverfum í Naustahverfi og vestan Eikarlundar auk þess sem breytingar á deiliskipulagi urðu til þess að hætt var við Tónatröð.

Að auki var ýmsum endurbótum gatna frestað, t.a.m. göngugötunni í Hafnarstræti og fyrirhuguðum endurbótum syðst í Þingvallastræti og fyrirhuguð malbikun, til dæmis í Naustahverfi, varð einnig minni en til stóð. Ætla má að framkvæmdum fyrir um 60-80 m.kr. hafi verið frestað í gatnagerð þetta árið.

Í Naustahverfi var lokið við gerð Tjarnartúns en í iðnaðarhverfunum nyrst í bænum var lokið við gerð Sjafnargötu við Grænhól og hluta Krossanesbrautar og einnig gerð Óðinsness í Nesjahverfi. Norðurlóð var framlengd og tengd Dalsbraut og lokið var við lengingu á Gleráreyrum við Glerártorg.

Heildarkostnaður við nýbyggingu gatna nam rúmlega 400 m.kr. Helsta verkefni við endurbyggingu gatna voru endurbætur á Gránufélagsgötu og Hvannavöllum auk þess sem lægnir og burðarlag var endurnýjað í Fjólugötu.

Í Naustahverfi var malbik lagt á syðsta hluta Kjarnagötu og vestasta hluta Naustagötu auk Sokka-, Spora-, Ljóma- og Brekatúns að hluta. Í Nesjahverfi var lokið við malbikun Baldursness að Goðatúni og einnig var lagt malbik á Goðanes. Lagt var neðra malbikslag á Miðhúsabraut fyrir utan stuttan kafla sem enn var að síga. Einnig voru lengingar á Norðurlóð og Gleráreyrum malbikaðar.

Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna víðs vegar um bæinn byggð upp og malbikaðar. Akureyrarbær kom m.a. að gerð gangstíga í Kirkjugarði Akureyrar.

Á árinu var unnið að frumhönnun vegna undirganga við Hörgárbraut við Skúta. Gert er ráð fyrir að þeim framkvæmdum ljúki á fyrri hluta ársins 2009.

Heildarkostnaður við þennan málaflokk var áætlaður um 620 m.kr. en framkvæmt var fyrir um 560 m.kr.

Talsvert var unnið við viðhald á eldri götum bæjarins en fjárveiting vegna þessa málaflokks var aukin á árinu. Lokið var við endurskoðun á hjóla- og gangstígakerfi bæjarins og áfram er unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skólayfirvöld og nemendur.

Í fráveitumálum má nefna að tekin voru í notkun yfirföll við Hlíðarbraut og Sandgerðisbót. Fyrirhuguðum framkvæmdum við hönnun og byggingu hreinsistöðvarinnar við Sandgerðisbót var frestað á árinu en í nýrri framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir að hún verði tekin í notkun seinni hluta ársins 2010 og síðasta dælustöðin við Krossanes verði tekin í notkun árið eftir. Samhliða byggingu nýrra gatna hafa verið lagðar fráveitulægnir og þær tengdar núverandi fráveitukerfi, m.a. frá nýju iðnaðarsvæði við Grænhól.

Á árinu 2008 var líkt og undanfarin ár unnið að því að bæta útivistarmöguleika fólks í bæjarlandinu. Í Kjarnaskógi voru gerðir um 4 km af nýjum göngustígum og 2,5 km af sérgerðum fjallahjólástígum. 3.000 viðþlöntur voru gróðursettir á túninu sunnan vegar við blaksvæðið og var þeim plantað þannig að þær munu mynda vöndarhús eftir örfá ár. 15.000 trjárf af ýmsum tegundum var auk þess plantað í skógræktarsvæðið norðan Glerár. Í Lystigardinum var sett upp glæsilegt upplýsingaskilti við aðkomuna að norðanverðu. Rekstur opinna svæða var með hefðbundnu sniði og er allur grassláttur í höndum verktaka, alls um 87 hektarar. Endurgerð opinna leiksvæða gekk nokkurn veginn samkvæmt áætlun

og endurgerð voru leiksvæði við Keilusiðu, Norðurbyggð og Hjallalund/ Skógarlund. Þá var lokið við nýtt leiksvæði við Mýrartún. Göngustígur vestan Leirutjarnar var malbikaður og í nýrri tjönninni komið fyrir gosbrunni með lýsingu. Áfram var unnið að stígagerð í Krossanesborgum og borið var ofan í hluta fallettrar gönguleiðar upp á hæsta hluta Hríseyjar.

Í ræktunarsstöð bæjarins við Krókeyri voru ræktað um 42.000 sumarblóm sem plantað var víðs vegar um bæinn ásamt fjölmörgum trjá- og runnaplöntum. Vinnuskólinn var rekinn með svipuðu sniði og undanfarin ár en starfstengt nám bættist þar við og reynt var að leggja meiri áherslu á fræðslu og tómstundir.

Dýraeftirlitið annast eftirlit og skráningu vegna hunda og annarra gæludýra. Það hefur umsjón með hundahreinsun í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra auk þess að annast eyðingu meindýra fyrir stofnanir Akureyrarkaupstaðar ef þess er óskað. Dýraeftirlitið annast ennfremur eftirlit og eyðingu á rottum, vargfugli, ref og mink. Starfsemin var með hefðbundnum hætti þetta ár. Jarðeignir og búfjárefirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallgirdingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Fimm sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu mynda búfjárefirlitssvæði 18 og Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur umsjón og eftirlit með forðagæslu hjá þeim.

Akureyrarkaupstaður tekur áfram þátt í verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar ásamt 13 öðrum sveitarfélögum frá Norðurlöndunum og er markmiðið að vernda og endurheimta líffræðilegan fjölbreytileika. Verkefnið hófst árið 2006 og verður fram haldið til 2010. Akureyrarkaupstaður mun aðallega vinna að þremur verkefnum þennan tíma og vonir standa til að góður árangur náist. Verkefnin þrjú eru endurheimt votlendis í Naustaborgum (Hundatjörn) og að skapa skilyrði fyrir auðugt náttúrulegt fuglalíf. Verkefnið hefur gengið ágætlega og fyrsta fuglatalning á svæðinu var gerð í sumar. Þá er unnið að varanlegri stíflu svo Hundatjörn njóti sín jafnt sumar sem vetur. Lokun á umhverfi urðunarstaðarins á Glerárdal hefur einnig gengið ágætlega þó enn sé urðað á staðnum sjálfum. Móttun svæðisins er hafin og gerð vegar að bílastæði er langt komin. Ætlunin er að móta svæðið þannig að það falli sem best að aðliggjandi svæðum og líkist fyrri náttúrulegu landslagi sem mest. Þriðja verkefnið er að leita leiða til að útrýma skógarkerflí í Hrísey og endurheimta náttúrulegan gróður á þeim svæðum sem kerfillinn hefur lagt undir sig. Jafnframt er ætlunin að hefta útbreiðslu hvarnar og lúpínu í eyinni. Þetta verkefni hefur gengið misjafnlega vel frá því það hófst árið 2007 og fjöldi sérfræðinga, m.a. frá Náttúrufræðistofnun og Landbúnaðarháskólanum, komið að því. Nokkrar aðferðir hafa verið prófaðar og reynst misjafnlega vel. Verkefninu verður haldið áfram eins og áður er getið til ársins 2010 hið minnsta.

Hjá Slökkvilið Akureyrar hefur verið unnið markvisst að því að viðhalda og auka menntun starfsmanna. Þar má nefna endurmenntun tengda sjúkraflutningum og einnig ný námskeið „Fjallabjörgun og slöngubáta“.

Endurnýjaðar voru tvær sjúkrabifreiðar og verið er að smíða færanlegan gám undir eiturefnabúnað.

Nýr starfsmaður var ráðinn og er hann með starfsstöð í Hlíðarfjalli á veturna og á slökkvistöðinni á sumrin. Með þessu fyrirkomulagi er mögulegt að auka öryggi og þjónustustig í Hlíðarfjalli.

Mikil vinna hefur farið fram á forvarnarsviði. Þar eru skoðanir á lögþýlum á svæðinu fyrirferðarmestar og síðan tókst vel til í leikskólaverkefninu Loga og Glóð sem lauk með veglegri útskriftarveislu á slökkvistöðinni á vordögum.

Slökkvilið Akureyrar var kallað út samtals 2.263 sinnum á árinu 2008 og er það fjölgun um 119 útköll á milli ára.

Leitað var aðstoðar dælubíla slökkviliðsins í 124 skipti á árinu 2008 sem er fækkun frá árinu á undan en væntanlega skilar forvarnarfræðsla á vegum liðsins sér í færri útköllum.

Slökkvilið Akureyrar var kallað út á sjúkrabílum 1.645 sinnum á árinu 2008 og er það aukning fá fyrra ári. Sjúklingar voru fluttur í 1.433 skipti. Í 213 skipti var um aðstoð að ræða eða afturköllum. Af þessum 1.433 voru 167 flutningar út fyrir heilsuverndarsvæði SA.

Slökkvilið Akureyrar fór í 494 sjúkraflug á árinu 2008. 11% aukning varð í sjúkraflugi fyrstu 6 mánuði ársins miðað við sama tíma árið 2007 og heldur dró úr er líða tók á árið og endaði árið nánast í sama fjölda og árið 2007.

Gerðar hafa verið skýrslur vegna 70 skoðana og aðrar skoðanir/ heimsóknir sem gerðar hafa verið eru um 40 sem hafa leitt til ábendingar eða ráðgjafa. Á árinu var farið í skoðanir á sveitarbæi og gerðar voru 27 skýrslur vegna þess. Afgreidd erindi vegna teikninga frá byggingafulltrúa Eyjafjarðar voru rétt um 70 en það er fækkun milli ára.

Strætisvagnar Akureyrar keyptu tvo notaða 80 manna strætisvagna á árinu og jafnframt var tveim elstu vögnunum frá 1982 og 1984 lagt. Eknir voru 260.000 km Farþegum fjölgaði um 100.000 milli ára og voru um 440.000 talsins árið 2008. Leiðakerfi og tímatafla voru lögð að farþega fjölguninni og ný leiðabók var borin út á öll heimili í bænum.

Símsvörun og skráning fyrir ferliþjónustu var flutt að Plastiðjunni Bjarg/ lðjulundi og tekið var í notkun nýtt tölvuforrit sem gerir þjónustuna markvissari og auðveldar allt utanumhald um upplýsingar um þjónustuna. Farþegum ferliþjónustu fjölgaði mikið og voru um 55.000 á árinu.

Strætisvagnar	Árið 2006	Árið 2007	Árið 2008
Farþega fjöldi	170.000	330.000	440.000
Eknir km	243.000	275.000	260.000
Farþegar á km.	0.61	1.25	1.69
Fjöldi bíðskýla	41	43	44





Konráð Gunnarsson, Ragnheiður Antonsdóttir og Samúel Jóhannsson, Íþróttamiðstöð Glerárskóla.

Heilsugæslustöðin

Akureyrarbær hefur í rúman áratug rekið Heilsugæslustöðina á Akureyri (HAK) samkvæmt þjónustusamningi við heilbrigðisráðuneytið. Umdæmi HAK eru 8 sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Einnig eru íbúar hins forna Hálshrepps (núverandi íbúar Þingeyjarsveitar) í umdæmi HAK. Hríseyingar tilheyra ennþá heilsugæsluumdæmi Dalvíkur. Íbúafjöldi í umdæmi HAK var 19.928 þann 1. desember 2008.

Reynslan af því að reka heilsugæslu og öldrunarþjónustu hjá Akureyrarbæ er mjög góð og þær vinnuaðferðir hafa vakið mikla athygli og gengið undir nafninu „Akureyrarmódelið“. Er með því vísað í samvinnu og samþættingu á sviði heilsugæslu-, félags-, öldrunar- og skólamála auk málefna fatlaðra og geðsjúkra svo eitthvað sé nefnt. Sagt er nánar frá Akureyrarmódelinu á bls. 17 í ársskýrslu Akureyrarbæjar 2007.

Þjónusta heimilislækna var með svipuðu móti og verið hefur. Álag á heimilislækna hefur aukist undanfarin ár, enda yfirlýst markmið að efla heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað. Vaktabyrðin er orðin nokkuð þung vegna aukinnar ásóknar á bráðadagvakt og vaktlæknaþjónustu heimilislækna á FSA, en til stendur að fjölga læknastöðum um eina árið 2009 til að létta á hjá þeim sem fyrir eru. Heimilislæknar sinna m.a. heilsuvernd, auk þess að koma að meðra- og ungbarnavernd, skólaheilsugæslu og unglingamóttöku. Heimilislæknar hættu að sjá um lækningar á Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar á haustdögum, þegar samningur var gerður við FSA um þjónustu öldrunarlækna.

Hjúkrunarfræðingar sáu um heilsugæsluhjúkrun í ungbarnavernd, skólahjúkrun, unglingamóttöku, krabbameinsleit, sykursýkimóttöku og í almenntri móttöku hjúkrunarfræðinga. Einnig sáu hjúkrunarfræðingar um heimahjúkrun með sjúkraliðum. Á árinu var heimahjúkrun eflað enn meir enda sívaxandi álag þar, þar sem fleiri kjósa að dvelja eins lengi heima og hægt er. Þó er ljóst að bæta þarf verulega í heimahjúkrun næstu árin ef aukningin heldur áfram eins og verið hefur og fyrir séð er vegna fækkunar stofnanarýma á svæðinu. Ljósmaður sjá síðan um mæðravernd.

Fjölskylduráðgjöfin á HAK fagnaði 20 ára afmæli á árinu og var í tilefni þess haldið afar vel heppnað málþing haustið 2008 undir heitinu „Máttur tengslanna“. Þetta málþing leiddi enn frekar í ljós hve mikilvægt er að búa vel að börnum og styrkja foreldra í þeirra hlutverki. Þetta hefur fjölskylduráðgjöfin haft að leiðarljósi í þessa tvo áratugi sem hún hefur starfað enda er forgangshópur þeirra foreldrar sem eiga von á barni og foreldrar með ung börn. Einnig er þar veitt meðferð vegna kynferðislegrar misnotkunar í bernsku, vegna ofbeldis, eftir skilnað, vegna erfiðleika í samböndum, vegna uppeldisvanda og fleira. Samvinna HAK og fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar skilar sér í betri úrvinnslu mála, betri nýtingu úrræða og einfaldari og árangursríkari þjónustu við íbúana. Bið eftir tíma hjá fjölskylduráðgjöf er um 4 vikur og því brýnt að auka við þjónustuna.

Það er einstakt hérlandis að sveitarfélag sjái um rekstur heilsugæslu. Eftir áralanga reynslu er ljóst að fleiri kostir en gallar eru við þetta

fyrirkomulag. Möguleikar til samþættrar þjónustu og aukinnar samvinnu milli skyldra þjónustubátta skila sér í betri þjónustu við íbúana. Óhætt er að fullyrða að á fáum stöðum á landinu er þjónustan jafn opin og flæðandi milli kerfa og hér. Það er því hægt allra að hafa sem öflugasta heilsugæslu innan vébanda sveitarfélagsins.

Íþróttadeild

Starfsemi íþróttadeildar Akureyrar gekk vel á árinu 2008. Meginhlutverk deildarinnar er að annast yfirstjórn á rekstri- og starfsmannahaldi málaflokksins sem og samskipti við félagasamtök innan og utan Akureyrar fyrir hönd bæjarfélagsins. Þá koma starfsmenn deildarinnar samþykktum íþróttaráðs og bæjarstjórnar í málefnum íþróttá á Akureyri til framkvæmda.

Rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar gekk vel á árinu og var nýting þeirra góð. Í Sundlaug Akureyrar var rekstri sólarlampa hætt og var húsnæðið leigt Heilsukjarnanum sem sérhæfir sig í heilsunuddi, hómópatíu og hreyfingu. Töluverð röskun varð á starfsemi sundlaugargarðsins vegna byggingar á nýju heilsuræktarhúsi sem rís á lóð sundlaugarinnar. Vonir standa til að öllum frágangi vegna þessara framkvæmda verði lokið á vordögum 2009.

Snjóalög í Hlíðarfjalli voru okkur hliðholl og var hægt að hafa skíðasvæðið opið í 150 daga á árinu sem er vel yfir meðalfjölda opnunardaga skíðasvæða í Evrópu sem er um 120 til 130 dagar.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað innan deildarinnar á undanförmum árum og árið 2008 var þar engin undantekning.

Ný reidhöll í Lögmannshlíðarhverfi var tekin í notkun og hefur gamall draumur hestaáhugafólks ræst með þessari frábæru aðstöðu.

Hið nýja og glæsilega fjölnota íþróttamannvirki í Hrísey var opnað í júní við mikinn fögnuð heimamanna og er þar nú komin fullkomin aðstaða til leikfímikennslu auk þess sem verulegar endurbætur voru gerðar á gömlu sundlauginni.

Á haustdögum var lokið við að setja upp búnað til upphitunar í Boganum sem kemur til með að bæta aðstöðu iðkenda og annarra gesta mannvirkisins til muna.

Áfram var unnið að umfangsmiklum framkvæmdum á golfvelli Golfklúbbs Akureyrar en áætlað er að þeim ljúki árið 2012. Framkvæmdirnar verða í áföngum og eru þær miðaðar við að raska sem allra minnst hefðbundinni starfsemi og þjónustu golfklúbbsins. Er það sameiginlegt markmið klúbbsins og Akureyrarbæjar að völlurinn verði með þeim allra bestu á Íslandi er framkvæmdum lýkur.

Framkvæmdir hófust á árinu við nýtt fjölnota íþróttamannvirki sem rís við Giljaskóla. Þar mun Fimleikafélag Akureyrar fá nýja og frábæra aðstöðu til æfinga og keppni en einnig mun þar rísa íþróttasalur sem nýfast mun til leikfímikennslu fyrir nemendur Giljaskóla.

Unnið var hörðum höndum á árinu að undirbúningi fyrir Landsmót ungmennafélaganna sem haldið verður á Akureyri í júlí 2009. Samhliða

„GERÐU SJÁLFUM ÞÉR ÞAÐ AÐ GLEÐJA AÐRA.“

SAMÚEL JÓHANSSON

Heimsóknir í íþróttamannvirki á Akureyri

Hlíðarfjall	2004	2005	2006	2007	2008
Opnunardagar	96	84	104	112	150
Seldir lyftumiðar	19.139	10.611	25.685	26.134	30.734
Heildarfjöldi gesta			36.262	43.766	52.512
Skíðaleiga - fjöldi	1.310	1.365	1.824	3.749	3.915
Skíðaskóli - fjöldi	834	950	1.311	1.500	1.739
Seld árskort/vetrarkort	1.239	985	751	980	1.171
Sundlaug Akureyrar	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi gesta	357.999	335.198	343.222	323.752	330.400
Opnunardagar	361	359	361	361	360
Íþróttahús Glerárskóla	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi gesta	123.000	140.000	120.000	112.000	118.000
Glerárlaug	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi gesta	55.000	58.000	60.000	52.000	55.000
Boginn	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi gesta	85.000	88.000	90.000	85.000	93.000
Íþróttahöllin	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi gesta	329.000	307.000	296.000	297.000	301.000
Íþróttahúsið við Síðuskóla	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi gesta	30.456	89.052	94.688	95.800	96.000
Akureyrarvöllur	2004	2005	2006	2007	2008
Fjöldi leikja	34	37	35	36	40
Fjöldi klukkustunda í notkun	575	600	623	642	642

þeirri vinnu voru gerðar verulegar endurbætur á æfingasvæðum Þórs og nýtt svæði tekið í notkun á Sunnuhlíðartúni. Verkáætlun hefur staðist í flestum þáttum og sjáum við fram á að geta haldið glæsilegt Landsmót næstkomandi sumar.

Þá var hafist handa við endurbætur á félagssvæði Knattspyrnufélags Akureyrar en þar átti að hefja undirbúning að vinnu við nýjan gervigrasvöll. Vegna þeirrar erfiðu stöðu sem upp kom á haustdögum í efnahagsmálum þjóðarinnar varð það að samkomulagi á milli KA og Akureyrarbæjar að framkvæmdunum yrði frestað um óákveðinn tíma en hafist yrði handa um leið og aðstæður leyfðu.

Samfélags- og mannréttindadeild

Hlutverk samfélags- og mannréttindadeildar er umsjón og rekstur félags- og tómstundamiðstöðva á vegum bæjarins og samskipti við félög sem starfa á því sviði. Einnig annaðist deildin forvarnamál, starfsemi Menntasmiðu kvenna og ungs fólks, málefni nýbúa, umsjón

fjölskyldustefnu, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum bæjarins. Meginhluti starfsemi deildarinnar er til húsa í Rósenborg - möguleikamiðstöð.

Á vegum samfélags- og mannréttindadeildar eru reknar fjórar félagsmiðstöðvar fyrir unglinga á grunnskólaaldri. Í starfi félagsmiðstöðvanna er lögð mikil áhersla á klúbbastarf af ýmsu tagi þar sem hvatt er til sjálfsskoðunar, aukins félagsþroska og uppbyggilegrar samveru. Á vegum félagsmiðstöðvanna fór fram hönnunarkeppnin Furðuverk auk þess sem unglingarnir tóku þátt í stuttmyndakeppninni Stulla, Söngkeppni félagsmiðstöðva, brettamóti og spurningakeppni svo eitthvað sé nefnt.

Húsið, upplýsinga- og menningarmiðstöð ungs fólks, eykur sífellt fjölbreytileikann í starfi sínu. Má þar nefna öflugt klúbbastarf, góða æfingaaðstöðu fyrir hljómsveitir, þátttöku í stuttmyndasamkeppninni Stulla og ut anumhald um skapandi sumarstörf. Þá var í þróun hjá Húsinu ráðgjafarþjónusta við ungt fólk.

Samkvæmt venju var gott framboð á styttri tómstundanámskeiðum





Jón Birgir Gunnlaugsson, framkvæmdadeild

fyrir grunnskólabörn. Námskeiðin voru ýmist kennd í skólunum eða í Rósenborg.

Starfsemi handverksmiðstöðvarinnar Punksins var með hefðbundnu sniði. Boðið er upp á opna aðstöðu til handverksíðkunar auk styttri námskeiða.

Á árinu var gerður samningur við Starfsendurhæfingu Norðurlands um rekstur Menntasmiðju kvenna. Um er að ræða tilraun til tveggja ára. Menntasmiðja unga fólksins var haldin á vorönn og Menntasmiðja kvenna á haustönn.

Þjónustusamningur var gerður við Alþjóðahúsið á Norðurlandi um rekstur skrifstofu um málefni útlanda á Akureyri. Þar eru veittar upplýsingar og ráðgjöf auk miðlunar túlkþjónustu. Samstarf var við fræðslufyrirtækið Margvís ehf. um íslenskunámskeið fyrir útlandinga.

Förvarnamál voru í endurskoðun á árinu. Grunnskólunum var boðið upp á hefðbundna fræðslu um skaðsemi vímuefna, m.a. í samstarfi við lögregluna en auk þess var byrjað að þróa fræðslu um kynferðisofbeldi og óhóflega tölvunotkun.

Ný jafnréttisstefna var samþykkt í byrjun júlí en samkvæmt lögum ber sveitarfélögum að hafa sérstakar áætlanir um jafnrétti kynjanna.

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, lóðaúthlutanir, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Skipulagsnefnd hélt 27 fundi á árinu 2008 og afgreiddi 375 mál.

Skipulagsstjóri hélt 46 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og afgreiddi 634 mál.

Leiðarljós skipulagsnefndar er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sem leggur línurnar og verður ekki framhjá komist nema með breytingum á því. (Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en bæjarstjórn samþykkir þær eða hafnar.)

Samkvæmt málefnasamningi samstarfsflokka á bæjarstjórn er lögð áhersla á verkefni tengd þéttingu byggðar og eru eftirfarandi verkefni í undirbúningi eða nú þegar komin í gang.

Verkefni í gangi, á vinnslustigi eða lokið 2008:

- Deiliskipulag við Miðholt og Undirhlíð - lokið
- Svæði 3 við Krossanesbraut - í vinnslu
- Glerárgata-Hvannavallareitur - í vinnslu
- Íbúðasvæði við Brálund - í vinnslu
- Miðbær, deiliskipulag - í vinnslu
- Akureyrarvöllur - í vinnslu

Verkefni á undirbúningsstigi:

- Deiliskipulag við Vestursíðu
- Svæði 1 við Krossanesbraut
- Svæði 2 við Krossanesbraut

- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemendagarðar við Norðurslóð
- Klettaborg, tvær einb. lóðir
- Deiliskipulag við Viðjulund

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefni „þétting byggðar“ sem oft og tíðum eru viðkvæm mál og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Deiliskipulag fyrir skíðasvæðið í Hlíðarfjalli er í vinnslu og er gert ráð fyrir að því verði lokið á árinu 2009. Mikilvægt er að það skipulag öðlist gjaldi sem fyrst þar sem hugmyndir um umtalsverða uppbyggingu á svæðinu eru á döfnni.

Starfshópur um Akureyrarvöll er að vinna að hugmyndum um breytta notkun svæðisins samkvæmt núgildandi aðalskipulagi. Í framhaldi af því verður hafist handa við deiliskipulagningu þess í samræmi við þær tillögur sem fram verða settar. Mjög mikilvægt er að vel takist til á svæðinu sem sannarlega er í hjarta bæjarins, milli núverandi miðbæjarkjarna og verslunarmiðstöðvarinnar Glerártorgs og því afar mikilvægt tengisvæði til að tryggja flæði milli þessara svæða til framtíðar.

Í gangi er deiliskipulagsvinna að tillögum að deiliskipulagi þriðja áfanga Naustahverfis. Reitir næst sunnan Naustabæjanna eru í vinnslu. Nú þegar er 1. og 2. áfanga lokið ásamt reit við Krókeyramöf og vel flestum lóðum úthlutað.

Deiliskipulag Nesjahverfis var endurskoðað 2007. Flestum lóðum á svæðinu hefur verið úthlutað og fjölmargar byggingar nú þegar risið. Deiliskipulag norðan Óðinsness, þ.e. C hluti Nesjahverfis, er á lokastigi. D hluta svæðisins við Ytra-Krossanes þarf að skoða nánar m.a. vegna skráðra fornleifa. Öllum lóðum við Sjafnargötu (Grænhól) var úthlutað 2007 en sumum þeirra hefur verið skilað inn vegna núverandi aðstæðna í þjóðfélaginu. Framkvæmdum við gatnagerð og lagnir er lokið en malbikun götunnar er eftir.

Starfshópur hefur verið að störfum um uppbyggingu í miðbænum. Í honum eiga sæti fulltrúar frá meiri- og minnihluta, skipulagsstjóri, Graeme Massie (vinningshafi í Afí) og fleiri. Hópnun hefur verið falið að skilgreina leiðir að uppbyggingu miðbæjarins ásamt hópi fagmanna. Mikil vinna hefur átt sér stað á árinu og var deiliskipulagstillaga kynnt almenningi í febrúar 2009. Í framhaldinu er gert ráð fyrir að tillagan fari í hefðbundið deiliskipulagsferli.

Tillaga að deiliskipulagi vegna akstursíprótta- og skotsvæðis á Glerárdal hefur verið staðfest. Svæðunum hefur nú þegar verið úthlutað til akstursíprótta- og skotfélaga og má gera ráð fyrir að framkvæmdir við uppgræðslu og lagfæringar á svæðunum fari í gang á næstunni. Efnistaka og efnislosun verður óheimil á svæðinu í þeirri mynd sem verið hefur um árabíl.

Skipulagsnefnd hefur nú ákveðið að láta fara fram heildarendurskoðun á göngu- og hjóltreiddastígaskipulagi Akureyrar. Meginniðurstæða þeirrar

endurskoðunar á að vera að hjóltreidda- og göngustígar bæjarins séu raunhæfur kostur í samgöngukerfi bæjarins. Sú vinna er nú í fullum gangi og má búast við að útfærðar tillögur um samfelldar göngu- og hjóltreiddaleiðir verði kynntar 2009.

Miðhúsabraut hefur verið tekin í notkun en gatnagerðin var að mestu unnin á árinu 2007-2008. Frágangur vegaxla og malbikun fór fram á árinu 2008. Um mikla samgöngubót er að ræða sem léttir verulega álagi af öðrum götumr, m.a. Þingvallastræti. Einnig verða samgöngur greiðari til og frá Naustahverfi, svo sem við Glerár-, Síðu- og Nesjahverfi í framtíðinni.

Önnur stærri skipulagsverkefni sem hófust eða var lokið við á árinu 2008:

- Akstursíprótta- og skotsvæði á Glerárdal – lokið
- Afþjýnnuverksmiðja í Krossanesi – lokið
- Sjúkrahúsið á Akureyri – lokið
- Krókeyri, bifhjólasafn – lokið
- Endurskoðun hafnarsvæða – lokið
- Íþróttasvæði bórs – lokið
- Íþróttasvæði KA – lokið
- Kjarnaskógur, gróðrarstöð – lokið
- Spítalavegur, endurskoðun – ólokið
- Nesjahverfi, C áfangi – ólokið
- Lundarhverfi, íbúðasvæði við Brálund – ólokið
- Gámasvæði við Rangárvelli – ólokið
- Smábátahöfn við Leirur – ólokið
- Austursíða, verslun Hagkaupa – ólokið
- Norðurslóð, háskólasvæði/stúdentagarðar – ólokið

Yfirlit um byggingaframkvæmdir á árinu 2008 (Tölur í svigum eru frá fyrra ári)

	Einbýlishús	Íbúðir í raðhúsum	Íbúðir í fjölbýli	Samtals
Hafnar framkvæmdir	20 (19)	12 (19)	31 (291)	63 (329)
Fullgert á árinu	6 (35)	0 (51)	0 (165)	6 (251)
Fokhelt á árinu	21 (16)	12 (20)	133 (124)	166 (160)
Í smíðum í árslok	82 (68)	89 (77)	522 (491)	693 (636)

Skóladeild

Árið 2008 var um margt einstætt í skólasögunni því á Alþingi voru samþykkt ný lög um framhaldsskóla, grunnskóla, leikskóla og um menntun og ráðningu kennara og stjórnenda. Þessi lagasetning hefur

Hafnar framkvæmdir við atvinnu- og þjónustuhúsnæði 2008 (Tölur í sviga eru frá 2007)

Tegund	m²	m³
Landbúnaður	2023,6	14.000
Fiskiðnaður	550,1	2138,2
Vörugeymslur/geymar	25,8	89,4
Vinnsla búsafurða	0	0
Íðnaður	14.897,9	128.692,6
Verslun	1480,7	8403,8
Veitinga- og gæstihús	0	0
Verslun/iðnaður	0	0
Verslun/skrifstofur	240	882
Skrifstofuhúsnæði	0	0
Frístundahús	159,2	545,1
Önnur þjónustustarfsemi	1994,1	7290
Félagsleg starfsemi	0	0
Opinber starfsemi	12.845	68.870,3
Samtals	34.216,4	23.0911,4
Tölur frá fyrra ári)	(28542)	(194749)

mikil áhrif á allt starf skólanna og mun taka nokkurn tíma að koma öllum breytingum í framkvæmd.

Í janúar stóð skóladeild í samstarfi við menntamálaráðuneytið fyrir kynningarfundum um frumvörpin fyrir starfsmenn skólanna og foreldra. Vel var mætt á fundi með starfsmönnum skólanna en fáir foreldrar mættu á fundina sem ætlaðir voru þeim.





Guðrún Nunna Þorkelsdóttir, Heiðís Björk Karlsdóttir og Huguína Sigmundsdóttir, leikskólanum Pálmholti.



Hildur Björnsdóttir, Hafdís Ólafsdóttir og Áslaug Ágústa Magnúsdóttir, leikskólanum Pálmholti.

Í september var blásið til ráðstefnu á Akureyri um nýju lögin undir heitinu Ný lög – ný tækifæri. Ráðstefnan var samvinnuverkefni skóladeildar, framhaldsskólanna, Bandalags kennara á Norðurlandi eystra, sjöttu deildar Félags leikskólakennara, Háskólans á Akureyri og SÍMEY. Á ráðstefnuna mættu vel yfir 800 kennarar og starfsmenn leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Ráðað var á borð þannig að við hvert borð sátu fulltrúar allra skólastiga og eftir hvern fyrirlestur voru umræður á borðum sem borðstjórar stýrðu. Afraksturinn er í vinnslu.

Á árinu var boðað til kynningarfundar um sameiginlega framtíðarsýn Félags grunnskólakennara, Skólastjóraráðs Íslands og Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2007-2020. Þetta er í fyrsta skipti sem slík sameiginleg framtíðarsýn er unnin. Fræðslustjóri ásamt fulltrúa skólastjóra og fulltrúa grunnskólakennara heimsóttu svo alla grunnskóla bæjarins á haustmánuðum, kynntu framtíðarsýnina og svöruðu spurningum.

Leikskólar sem Akureyrarbær rekur eru ellefu á Akureyri og einn í Hrísey. Auk þess styrkir bærinn tvo einkarekna leikskóla, Hólmasól sem er rekinn af Hjallastefnunni ehf og Hlíðaból sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri.

Allir leikskólarnir bjóða upp á 4,0–9,25 tíma dvöl. Leikskólanir eru almennt opnir frá klukkan 7.45–17.00. Leikskólunum var lokað í tvær vikur sumarið 2008 en Hlíðaból var lokað í þrjár vikur og Smábæ í Hrísey í fjórar vikur. Börnin þurfa að taka fjögurra vikna samfelld sumarfrí en reynt er að koma til móts við þáfrir foreldra. Heildarstærð leikskólanna er 7.749 m², leikrýmið er 3.721 m² og lóðirnar eru 41.640 m².

Leikskólinn Lundarsel ásamt Lundarskóla taka þátt í þróunarverkefninu Jafnréttisfræðsla í leikskólum og grunnskólum. Þetta er samstarfsverkefni nokkurra sveitarfélaga, Jafnréttisstofu og félags- og tryggingamálaráðuneytisins sem miðar að því að efla jafnréttis- og kynjasjónamið í leikskólum og grunnskólum. Jafnréttisfræðsluverkefni skólans felst í heimspekisamræðum með leikskólabörnum um jafnrétti.

Leikskólinn Flúðir og Íðavöllur taka þátt í Comenius verkefni ásamt leikskólum í nokkrum öðrum löndum. Á Flúðum er unnið með sögur sem þema. Íðavöllur tekur þátt í verkefni þar sem unnið er með sögur, tónlist, leiklist og rímur. Þá gaf Íðavöllur út skýrslu og kennarahefti um þróunarverkefnið Fimm ára og fær í flestan sjó.

Starfsmenn frá leikskólanum Tröllaborgum fóru í náms- og kynnisferð til Cambridge á Englandi og leikskólastjórar, leikskólafulltrúi og ráðgjafi heimsóttu Helsinki í Finnlandi. Hver hópur fyrir sig skipulagði sína ferð en megintilgangur ferðanna var að útvíkka þekkingarheim starfsmanna/ stjórnenda, kynna starfsháttum og áherslum í erlendum leikskólum og einnig að efla og styrkja starfsmannahópinn/stjórnendahópinn.

Dagforeldrar á Akureyri voru 41 í desember og hjá þeim dvöldu alls 180 börn. Niðurgreitt var fyrir 140 börn gifta foreldra og foreldra í sambúð, 30 börn einstæðra foreldra og 5 börn foreldra þar sem báðir voru í námi. Á árinu 2008 létu 7 dagforeldrar af störfum og 7 nýir tóku til starfa.

Nýr þjónustusamningur var gerður við dagforeldra þar sem fæðisgjald var tekið út úr gjaldskránni en upphæð niðurgreiðslunnar breyttist þó ekki. Námskeið fyrir verðandi dagforeldra var haldið á árinu. Námskeiðið

nemendur skráðir í Hlíðarskóla og Skjöld. Hlíðarskóli er sérskóli fyrir börn með hegðunarvandkvæði sem ekki rekast í almennum grunnskólum og er alltaf stefnt að því að skólavistin í Hlíðarskóla sé tímabundin þannig að nemendur eigi afturkvæmt í almennan grunnskóla. Skjöldur er hins vegar deild fyrir langveik börn með gegð- og þroskaröskun.

Vel gekk að manna grunnskólana á Akureyri líkt og undanfarin ár. Hlutfall fagmenntaðra kennara var um 99%. Mikill stöðugleiki hefur einkennt starfsmannahaldið undanfarin ár sem er mikill styrkur fyrir allt faglegt starf því grundvöllur þess byggist á hæfu og metnaðarfullu starfsfólki. Í grunnskólunum voru um 280 stöðugildi við stjórnun, kennslu og ráðgjöf og 96 stöðugildi við önnur störf, svo sem umsjónarmenn húsa, skólalíðar, stuðningsfulltrúar og ritarar. Ríflega 410 starfsmenn sátu í þessum 375 stöðugildum. Það bar til tíðinda á árinu að skólastjóraskipti urðu í Brekkuskóla og Grunnskólanum í Hrísey. Þá var einnig ráðinn skólastjóri að Naustaskóla þar sem starfsemi hefst haustið 2009. Er það í fyrsta skipti sem skólastjóri er ráðinn með svo löngum fyrirvara að nýjum skóla.

Skólaárið hófst 15. ágúst á því að námskeið var haldið í Brekkuskóla fyrir alla starfsmenn grunnskólanna, þar sem umfjöllunarefnið var forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi. Námskeiðið var haldið í samvinnu við samtökin Blátt áfram og var fyrirlesari Sigríður Björnsdóttir. Á eftir henni kynnti fulltrúi barnaverndarteymis fjölskyldudeildar úrræði og leiðir á Akureyri. Með þessari áherslu var ætlunin að opna á meiri umfjöllun um þessa þætti í skólastarfinu. Þessi áhersla er liður í mannréttindapema skóladeildar.

Þann 20. ágúst var öllum kennurum boðið upp á fyrirlestur um það hvernig kennarinn getur náð betur til nemenda sinna og minnkað um leið bilið milli árangurs drengja og stúlka í skólanum. Fyrirlesarinn Kelley King er einn af höfundum nýútominna bóka um aðferðir til að kenna drengjum og stúlkum.

Fjölmörg þróunarverkefni voru í gangi á árinu og hér er aðeins tæpt á fáeinum þeirra.

Nám og kennsla við hæfi hvers og eins er verkefni sem stjórnendur og kennarar grunnskóla hafa lengi leitað leiða til að koma í kring. Liður í því var að á árinu var gert sérstakt samkomulag um breytingu á vinnutímaskilgreiningu og launahækkun á móti við afmarkaða kennarahópa í fimm grunnskólum sem unnu í teymisvinnu í kennslunni, þrír eða fleiri saman. Allir skólarnir unnu að þessu verkefni en nálgðust það frá mismunandi sjónarhornum. Katrín Frímansdóttir sérfræðingur var fengin til að gera úttekt á verkefninu. Hún skilaði skýrslu sem hægt er að nálgast á heimasíðu skóladeildar. Haldinn var kynningarfundur um niðurstöður úttektarinnar með öllum kennurum og stjórnendum sem þátt tóku í verkefninu. Þangað var einnig boðið fulltrúum í skólanefnd og bæjarstjórn. Niðurstaðan varð að halda verkefninu áfram en með nokkrum áherslubreytingum.

Fjölbreytt einstaklingsmiðað námsmat er verkefni á vegum allra grunnskólanna. Verkefnið hefur þróast í að vinna með hugmyndir að einstaklingsmiðuðu námsmati, stefnumótun skólanna í námsmati og að vinna upp gagnabanka að fjölbreyttum aðferðum við námsmat.

Hús fyrir alla er verkefni sem snýst um að semja og tilraunakenna námsefni um fjölbreytileika mannlífsins sem á að auka viðsýni og umburðarlyndi meðal barna (og fullorðinna óbeint) og þar með jafnrétti allra til merkingarþærs lífs án fordóma. Námsefnið var tilraunakennt í 2. bekk í öllum skólunum og 3. bekk einnig í sumum þeirra. Sigrúna Jónsdóttir, kennari í Brekkuskóla, samdi námsefnið og sinni námskeiðahaldi og ráðgjöf fyrir kennara. Verkefnið hefur tvisvar fengið styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla.

Svífum seglum þöndum er þróunarverkefni í Lundarskóla sem snýr að því að vinna að heildarskipulagi kennsluhátta, samvinnu kennara og samfelli í námi nemenda milli aldurshópa og námsgreina. Skólinn fékk aftur styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla vegna verkefnisins.

Valgreinar á unglingastigi eru fjölmargar og hefur verið unnið mjög metnaðarfullt starf á vegum skólanna til að auka fjölbreytni valgreina fyrir nemendur. Á þessu ári komu inn nokkrar nýjar valgreinar, s.s. vetraríþróttir, vélavinna og starfstengt nám. Í úttekt sem gerð var á árinu kemur í ljós að tekist hefur að auka mjög vægi list- og verkgreina í valgreinunum og einnig vægi greina sem tengjast hreyfingu af ýmsu tagi.

Fjölgreinafjör er þróunarverkefni sem farið var af stað með fyrir 7 ára börn í Frístund. Verkefnið var samstarfsverkefni skóladeildar, samfélags- og mannréttindanefndar, íþróttaráðs og ÍBA. Verkefnið fól það í sér að bjóða börnunum upp á kynningu á ýmsum íþróttagreinum og tómstundum, einu sinni í viku. Verkefninu lauk á vormánuðum með mikilli hátíð.

Áfram var samvinna við Hollvínafélag Húna II sem gengur út á það að bjóða öllum nemendum í 6. bekk grunnskólanna á Akureyri í þriggja stunda sjóferð á eikarbatnum Húna II. Þar var farið yfir öryggisbúnað á sjó, saga bátsins sögð og gömul veiðarferi kynnt. Þá var samstarf við Háskólann á Akureyri sem lagði til starfsmann sem fór yfir lífríki sjávar. Nemendur fengu að veiða á sjóstöng, gera að aflanum og grilla hann um borð. Þá var samstarf við Matvælasetur um fiskneyslu og fóru heimilisfræðikennarar með í ferðirnar til að leggja áherslu á aukna fiskneyslu í heimilisfræðikennslunni. Var m.a. gert veggspjald og bæklingur um hollustu fíks dreift til allra nemenda í 6. bekk.

Eins og undanfarin ár fengu allir nemendur í 3. og 4. bekkjum kennslu á skauta í samvinnu við Skautafélagið og allir nemendur í 5. bekk fengu skíðakennslu í Hlíðarfjalli í samvinnu við starfsmenn þar.

Glerárskóli hélt upp á hundrað ára afmæli sitt og skólalúsnæðis í Þorpinu um mánaðamótin október/nóvember. Margr þáðu afmælisboð skólans, skoðuðu sýningu nemenda um sögu skólans og Þorpsins, ásamt því að þiggja kaffi og meðlæti.

Oddeyrarskóli bauð í fyrsta sinn upp á ýmis námskeið og samveru fyrir íbúa á Eyrinni sem komnir eru af skólaaldri og sáu kennarar skólans um kennslu á námskeiðunum.

Í febrúar var haldinn kynningarfundur um skólalav í Brekkuskóla fyrir foreldra barna sem voru að byrja í 1. bekk haustið 2008. Þar gafst einnig öðrum þeim sem áhuga höfðu á að kynna sér grunnskóla bæjarins tækifæri til þess. Allir foreldrar barna í tilvonandi 1. bekk fengu einnig

„VIÐ HÆTTUM EKKI AÐ LEIKA OKKUR VEGNA ÞESS AÐ VIÐ VERÐUM GÖMUL. VIÐ VERÐUM GÖMUL VEGNA ÞESS AÐ VIÐ HÆTTUM AÐ LEIKA OKKUR.“

HAFDÍS ÓLAUSDÓTTIR

Í október voru um 97,75% barna á Akureyri á aldrinum 2–5 ára, fædd 2003-2006, í leikskóla og einnig um 9% barna fædd 2007 en börn þurfa að hafa náð a.m.k 18 mánaða aldri til þess að komast inn í leikskóla. Heildarfjöldi barna í leikskólunum var 1.062 og meðalvalartími þeirra var um 7,64 klukkustundir á dag. Stöðugildin í október voru í heild 237,06. Stöðugildi vegna deildarstarfs voru alls 158,11 og 78,40% þeirra voru mönnuð fagfólki eða 123,95 stöðugildi.

Leikskólarnir Flúðir og Kiðagil eru komnir á græna grein. Áður höfðu leikskólarnir Hlíðaból, Pálmholt, Naustatjörn og Smábær fengið viðurkenningu Landverndar, Grænfanann, fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum.

var 70 kennslustundir og alls sóttu það 12 manns auk fjögurra starfandi dagforeldra.

Starfsdagur dagforeldra var haldinn föstudaginn 14. nóvember 2008. Anna Elísa Hreiðarsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri, flutti erindi um yngstu börnin með áherslu á aðlögun hjá dagforeldri. Fulltrúar komu frá Einingu-löju og VÍS með kynningu hver á sínu sviði. Alls skráðu sig 29 dagforeldrar á starfsdaginn, hinir kusu að starfa þennan dag.

Grunnskólar Akureyrarbæjar voru 7 og í þeim stunduðu 2.568 nemendur nám. Brekkuskóli var fjölmennastur með um 551 nemanda og fæstir voru nemendurnir í Grunnskólanum í Hrísey eða 18. Þá voru 24

„HUGREKKI HJARTANS ÞÉR TIL HEILLA.“

ÞORBJÖRN HARALDSSON

sendan heim bækling um grunnskólana og umsóknareyðublað. Vel var mætt á kynningarfundinn og umræður og fyrirpurnir góðar.

Í byrjun júní tók bæjarstjóri fyrstu skóflustunguna að Naustaskóla með dyggri aðstoða barna í leikskólanum Naustatjörn. Stuttu seinna tók bæjarstjóri fyrstu skóflustunguna að Íþróttamiðstöð Giljaskóla með aðstoð tveggja nemenda sem einnig stunda fimleika.

Í byrjun júní var Íþróttamiðstöð tekin í notkun í Hrísey en þar er einnig aðstaða fyrir samkomuhald grunnskólans og heimilisfræðikennslu. Með tilkomu þessarar aðstöðu hefur aðstaða barnanna í leikskólanum og grunnskólanum batnað mikið.

Innleiðslu PMT-foreldrafærni og SMT-skólafærni miðar mjög vel en nú eru þrír grunnskólar, Síðuskóli, Oddeyrarskóli og Lundarskóli, og átta leikskólar, Kiðagil, Flúðir, Holtakot, Lundarsel, Sunnuból, Síðusel, Pálmholt og Hlíðaból SMT-skólafærni skólar. Skólarnir eru komnir mislangt í innleiðsluferlinu.

Fjórir starfsmenn frá fjölskyldudeild og skóladeild hófu PMT-meðferðarnám hjá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar í ágúst 2008 sem er mikill styrkur fyrir áframhaldandi vinnu. Haldið var grunnnámskeið á árinu fyrir fagfólk og hafa nú samtals 56 einstaklingar lokið grunnnenntun, þar af 17 grunnskólakennarar og 28 leikskólakennarar. Einnig hafa félagsráðgjafar, iðjupjálfar, hjúkrunarfræðingar, kennsluráðgjafar og námsráðgjafar lokið grunnnenntun PMT hér á Akureyri auk kennara, leikskólakennara og þroskapijálfa úr Skagafirði og leikskólakennara og fjölskylduráðgjafa frá Fljótisdalshéraði. Markmið grunnnenntunar er að efla færni þessara fagstétta í PMT-ráðgjöf og meðferð vegna hegðunarerfiðleika. Þessir starfsmenn eru flestir starfandi innan SMT-skólafærni skólanna og nýttist þekking þeirra því mjög vel í skólasamfélaginu.

Haldin voru tvö foreldranámskeið á árinu og luku því 23 foreldrar.

Tónlistarskólinn hélt úti fjölbreyttu starfi að vanda en nemendur hans eru um 462, sem er nokkur fjölgun frá fyrra ári. Starfsmenn voru 38 í ríflega 32 stöðugildum. Nýr skólastjóri var ráðinn í haust og einnig nýr aðstoðarskólastjóri.

Fjöldi námsgreina við skólann á árinu var 38, haldnir voru um 30 tónleikar á vorönn og 60 tónleikar víðs vegar um bæinn á haustönn. Tónlistarskólinn hóf samstarf við Tangófélag Akureyrar, Leikfélag Akureyrar, Handboltfélag Akureyrar, Pennann Eymundsson og Glerártorg á haustönn og er stefnan að auka það samstarf á næsta starfsári.

Hljómsveitastarf hefur verið með öflugra móti í vetur en þar má helst nefna Big Band Tónlistarskólans og Tangósveitina Liebertango sem leikið hafa víðs vegar um bæinn en einnig hefur verið sett á fót sínfóníuhljómsveit við skólann sem mun þjónusta nemendur á öllum stígum klassískrar tónlistar. Kennarar skólans létu til sín taka á haustönn og buðu upp á ýmiskonar kostnaðarlausu þjónustu við íbúa bæjarins. Hópur kennara lék salsasveiflu fyrir starfsfólk á vinnustöðum bæjarins í hádegjun svo sem á Brimi, Sjúkrahúsinu, Norðurorku, Menntaskólanum, Háskólanum, Ráðhúsinu, Mjólkursamsölunni og mörgum fleiri.

Tónlistarskólinn hefur hafið kennslu á rytmískri hljómfærni og hefur rytmíska deildin styrkst svo um munar á árinu. Verkefninu Tónleik var haldið áfram á haustönn í samvinnu við leikskólana og þemadagarirnir voru með óvenjulegra móti í haust. Gerð var stutt heimildamynd um þá á haustmánuðum sem gefur að líta á nýrri heimasíðu skólans www.tonak.is, auk annarra upptaka af tónleikum, m.a. Jólægjafir Tónak og L.A. sem átti sér stað í desember við mikla lukku viðstaddir.

Starfsmannabjónusta

Starfsmannabjónustan annast launaútreikning fyrir alla starfsmenn Akureyrarbæjar, bæjarfulltrúa og nefndarmenn ásamt ráðgjöf til stjórnenda bæjarins um kjaramál, starfsmannamál og ráðningar. Einnig hefur deildin umsjón með framkvæmd mannauðsstefnu bæjarstjórnar Akureyrar, kjarabróun og fræðslumálum starfsmanna.

Helstu tölulegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar á árinu 2008 eru í eftirfarandi töflu:

Sumarvinna fyrir unglinga árið 2008 var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Unglingum á aldrinum 14–15 ára bauðst vinna í vinnuskóla 3 ½ klukkustund á dag í 7 vikur eða samtals 122,5 klst. Unglingar sem urðu 16 ára á árinu gátu fengið 7 stunda vinnu á dag í 7 vikur eða í samtals

	Fjöldi	Konur	Karlar
Launþegar	3.287		
Samtals greidd laun í millj. króna	5.766		
Ársverk	1.492	1.093	399
Starfsumsóknir	2.212	1.356	856
14 ára í vinnuskóla	195	102	93
15 ára í vinnuskóla	172	80	92
16 ára í vinnuskóla	114	46	68
Umsóknir um sumarvinnu	341	224	117
Ráðnir í sumarvinnu	265	193	72
Ráðnir til vinnu í atvinnuátaki	85	22	63
Ráðnir í sumarvinnu fatlaðra	42	17	25

245 klukkustundir. Atvinnulausu skólafólki var boðin sumarvinna í 8 vikur.

Á árinu 2008 runnu út allir kjarasamningar sem Akureyrarbær á aðild að. Í lok aprílmánaðar undirrituðu Launanefnd sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands, fyrir hönd Félags grunnskólakennara, kjarasamning með gildistíma frá 1. júní 2008 – 31. maí 2009. Einnig var undirritaður nýr kjarasamningur við Skólastjórafélag Íslands með sama gildistíma. Þann 1. desember 2008 runnu síðan út kjarasamningar Launanefndar sveitarfélaga við alla aðra viðsejendur hennar.

Viðræður hófust í lok októbermánaðar og voru fyrstu kjarasamningar



Gauti Þór Grétarsson, Jóhann Þór Jónsson, Vigfús Bjarkason og Anton Carrasco

Launanefndar sveitarfélaga undirritaði þann 29. nóvember 2008. Kjarasamningar voru framlengdir frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009.

Launanefnd sveitarfélaga og viðsejendur undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu og slíkt hið sama gerðu fulltrúar Reykjavíkurborgar og viðsejendur borgarinnar.

Yfirlýsingin er svohljóðandi:

„Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkrí sátt.

Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að viðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.“

Á árinu 2008 var unnið í samstarfi við stéttarfélagin að öðrum áfanga endurskoðunar starfsmats sveitarfélaga og lauk þeirri vinnu í lok ársins. Launaleiðréttingar vegna endurskoðunar starfsmats frá 1. febrúar 2005 koma til greiðslu í upphafi árs 2009. Loksins sér fyrir endann á vinnu við starfsmat sveitarfélaga sem hófst þegar samið var um innleiðingu nýs starfsmats í kjarasamningum árið 2001. Vinnu við starfsmat sveitarfélaga er stýrt af kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og er hægt að nálgast ítarlegar upplýsingar um starfsmatið á heimasíðu þess; www.samband.is.

Samstarf nefnist starfsmatskerfi sem nær yfir öll störf starfsmanna hjá Akureyrarbæ sem eru í Einingu-löju og Kili, stéttarfélagi starfsmanna í almannabjónustu, en það eru á annað þúsund manns.

Starfsmannabjónustan heldur utan um starfsmannahandbók fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar en bókin er aðgengileg á heimasíðu bæjarins; www.akureyri.is/starfsmannahandbok. Þar getur starfsfólk fundið á einum stað upplýsingar um flest það sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum, skyldum o.fl. Á forsiðu handbókarinnar eru reglulega settar inn fréttir er varða starfsfólk bæjarins.

Stjórnendahandbók er einnig að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar. Handbókinni er ætlað að vera upplýsingaveita til stjórnenda í starfi hjá Akureyrarbæ og er markmið hennar að auðvelda stjórnendum aðgang að margvíslegum upplýsingum sem þeir þurfa á að halda. Starfsfólk starfsmannabjónustu ásamt starfsfólki annarra stöðdeilda uppfærir reglulega stjórnendahandbókina og viðheldur eldri upplýsingum.

Fréttabréf starfsfólks Akureyrarbæjar, Innanbæjarkrónika, var gefið út 6 sinnum árið 2008. Innanbæjarkrónikan inniheldur fræðandi og

skemmtilegar upplýsingar fyrir starfsfólk um ýmis málefni ásamt því að kynna fyrir starfsfólki ólíka starfsemi bæjarins. Innanbæjarkrónikunni hefur verið dreift með launaseðlum og á kaffistofur auk þess sem hún er aðgengileg í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar.

Símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar fer að stærstum hluta fram á hverjum og einum vinnustað. Sameiginleg fræðsla fyrir starfsfólk bæjarins fer þó sívaxandi. Á árinu 2008 var haldið nýliðanámskeið bæði að vori og hausti og á vormánuðum voru haldin þjónustunámskeið fyrir fimm vinnustaði. Námskeið um samskipti og velliðan á vinnustað, þar sem lífsspeki Fisksins er höfð að leiðarljósi, voru haldin á mörgum vinnustöðum, þ.m.t. á sex af leikskólum bæjarins.

Á vegum stjórnendafræðslunnar voru haldin ýmis námskeið á árinu 2008. Námskeið voru m.a. haldin um álags- og streitustjórnum, frammistöðumat, hrós, hvatningu og endurgjöf, starfsmannasamtöl, konur og stjórnun, stofnanamenningu, að stjórnja jafningjum og verkefnastjórnum. Fjöldmörg námskeið voru einnig haldin á árinu fyrir stjórnendur um notkun á SAP-mannauðskerfinu og fleiri SAP-einingum.

Tveir starfsdagar stjórnenda voru haldnir á árinu. Í apríl var haldinn starfsdagur þar sem stjórnendur ræddu og gerðu tillögur um framkvæmd þeirra hugmynda sem fram komu á Lýðræðisdeginum 12. apríl 2008. Í lok október var haldinn starfsdagur sem bar yfirskriftina: „Viðbrögð fólks í vanda – Ábyrgð og færni stjórnenda“. Þar hlýddu stjórnendur á erindi tveggja sálfræðinga um mögulegar leiðir til að hjálpa fólki að takast á við vaxandi erfiðleika í samfélaginu. Umræður og hópavinna voru í framhaldinu og síðast en ekki síst flutti Big Band Tónlistarskólans nokkur lög við góðar undirtektir.

Innleiðing á SAP-mannauðskerfinu hélt áfram á árinu en það er launa- og starfsmannakerfi sem m.a. opnar starfsfólki aðgang að viðtækum upplýsingum í gegnum netið.

Á vordögum var tekinn í notkun nýr gagnvirkur vefur fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar, <http://eg.akureyri.is>. Á vefnum getur hver starfsmaður nálgast upplýsingar sem skráðar eru um hann í SAP-mannauðskerfi bæjarins. Vefurinn býður upp á marga möguleika, t.a.m. getur starfsfólk skráð náms- og starfsferil sinn sem og uppfært persónuupplýsingar, svo sem breytingar á aðsetri, símanúmeri, bankaupplýsingum o.fl. Starfsfólk getur auk þess skoðað launaseðla sína á vefnum, fengið upplýsingar um stöðu orlofs og fjölda skráðra veikindadaga. Einnig er hægt að skoða reikninga sem gefnir eru út af Akureyrarbæ á viðkomandi starfsmann, til dæmis leikskólagjöld og fasteignagjöld.

Á vefnum má finna starfsmannalista fyrir alla vinnustaði á vegum Akureyrarbæjar og á forsiðu birtist daglega listi yfir þá starfsmenn sem eiga afmæli ásamt lista yfir nýtt starfsfólk hjá Akureyrarbæ. Á forsiðunni birtast einnig fréttir af starfsmannahandbók bæjarins. Vefurinn er í stöðugri þróun og á næstunni verður m.a. mögulegt að skoða símenntunaráætlanir og skrá þátttöku á námskeið.

Ráðningarkerfi SAP er nú tilbúið og geta allir umsækjendur sótt um störf rafrænt í gegnum heimasíðu Akureyrarbæjar. Hægt er að sækja um





Karl Guðmundsson, bæjarritari



Friðný B. Sigurðardóttir, Ragnhildur Jónasdóttir og Heiðdis Þorvaldsdóttir, Öldrunarheimilum Akureyrar.

auglýst störf sem og að leggja inn almennar umsóknir. Ráðningarkerfið hefur gefist vel og er öll meðferð umsókna mun einfaldari og aðgengilegri en áður var.

Unnið er að uppsetningu þriggja nýrra kerfa; Skrifborðs stjórnandans, Skjalaskáps og námskeiðskerfis.

Skrifborð stjórnandans á að auðvelda öllum stjórnendum aðgengi að upplýsingum í SAP. Þar verður hægt að taka út ýmsar skýrslur vegna launa, fjárhagsáætlunar og starfsaldurs svo eitthvað sé nefnt. Aðgengi verður þar að ráðningarkerfinu sem og námskeiðskerfinu og Skjalaskáp.

Svonefndur Skjalaskápur er svæði sem heldur utan um gögn sem tilheyra launþegum. Þar er ýmis eyðublöð að finna og hægt að skanna inn gögn.

Námskeiðskerfið heldur utan um símenntun starfsmanna og er beintengt starfsmannavefnum þar sem starfsmenn geta skráð sig til þátttöku á námskeið sem þeim standa til boða.

Þessi kerfi verða öll tekin í gagnid á árinu 2009.

Á árinu var fyrirkomulagi við atvinnuauðglýsingagerð breytt. Sérstakt atvinnuauðglýsingaform hefur verið tekið í notkun sem auðvelda á öllum stjórnendum atvinnuauðglýsingagerðina. Einnig hefur útlit auðglýsinganna í fjölmiðlum verið samræmt fyrir allar stofnanir Akureyrarbæjar.

glæða daglegt líf íbúanna á sem fjölbreyttastan máta, enda margir íbúar sem treysta sér ekki út fyrir veggj heimilanna vegna heilsuleysis.

Í Hlíð, Kjarnalundi og Bakkahlíð búa 189 íbúar. 56 nýir íbúar fluttu inn á heimilin á árinu. Auk þess eru í Hlíð 6 rými fyrir skammtímadvöl, þ.e.a.s. fyrir fólk sem kemur til styttri dvalar í tímabundna hjúkrun og endurhæfingu og fer síðan heim aftur. 69 nýttu sér þessa þjónustu, margir nokkrum sinnum á árinu. Með aukinni áherslu á að fólk geti búið sem lengst í heimahúsum er vaxandi þörf fyrir skammtímadvöl.

Í Hlíð er sértæk dagþjónusta sem hefur að markmiði að auðvelda öldrudum að búa sem lengst á eigin heimili og er þannig stuðningsúrræði við þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjón til að geta búið lengur heima. Í dagþjónustu er boðið upp á flutningsþjónustu, mat á heilsufari, þjálfun, tómstundaiðju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Í lok árs 2007 fékkst leyfi fyrir fjölgun leyfa úr 12 í 16. Auk þess sér Hlíð um rekstur eins dagþjónusturýmis fyrir Eyjafjardarsveit. Mikil aðsókn er að dagþjónustunni og nýttu 62 einstaklingar sér hana árið 2008, 39 konur og 23 karlar. Að meðaltali nýta 40 manns dagþjónustuna í Hlíð yfir vikuna.

Starfsmannalán leikur enn við ÖA og voru fastráðnir starfsmenn um 310 í 205 stöðugildum á árinu. Starfsmannavelta var lítil sem fyrr og er traust

„AÐ HAFNA MINNA GETUR SAMT VERIÐ NÓG.“

KARL GUÐMUNDSSON

Innleiðing á vaktaskipunarkerfinu *Time Care* hófst í byrjun árs. Um er að ræða hugbúnað sem auðveldar stjórnendum og starfsmönnum skipulagningu vinnutíma og frítíma. Lögð er áhersla á sveigjanlegan vinnutíma þar sem jafnvægi ríkir milli vinnu og einkalífs um leið og stuðlað er að aukinni framleiðni á vinnustund. Stjórnandi gerir spá um mönnunarþörf í samræmi við eftirspurn og starfsmenn hafa sinn aðgang að *Time Care* á vefnum og geta þar skipulagt eigin vinnutíma. *Time Care* hefur nú verið innleitt á níu stofnunum Akureyrarbæjar og eru starfsmenn þessara stofnana um 500.

Öldrunarheimili

Á ÖA gengur lífið að flestu leyti sinn vanagang. Þó er þar auðvitað mikið um að vera og alltaf eitthvað á seyði eins og á öðrum heimilum. Margt er í boði og má líkja starfseminni við rekstur lítils þorps þar sem reynt er að

og reynslumikið starfsfólk ein stærsta auðlind öldrunarheimilanna.

Nýtt vaktakerfi var tekið í notkun hjá Akureyrarbæ á árinu. Nokkrar deildir í Hlíð tóku að sér að vera frumkvöðlar í notkun þess. Kerfið er sveigjanlegt vakta- og viðverukerfi sem snýst um að auka framleiðni á vinnustund, skapa jafnvægi milli vinnu og einkalífs og að mönnun fari eftir þörf.

Vaktavinnan hefur áhrif á heilsu, fjölskyldu- og félagslíf. Með þessu nýja kerfi er auðveldara að skipuleggja vinnutíma og frítíma. Auðveldara er að halda utan um starfsmannahald og áætlanagerð varðandi mönnun. Innleiðingin hefur gengið vel og var starfsfólkid mjög jákvætt í breytingaferlinu.

Gerður var samningur við FSA á árinu um öldrunarlæknaþjónustu og tóku læknamir til starfa á haustmánuðum. Þjónustan var aukin til muna og er nú tækifæri til betri eftirfylgni, fjölskyldufunda o.fl. sem erfitt var að koma við áður. Mikil ánægja er með öldrunarlæknaþjónustuna og þykir heppni að fá til viðbótar á svæðið tvo slíka sérfræðinga.

Landlækniseimbættið gerði þjónustukönnun meðal íbúa á árinu og var heildarniðurstaða almenn ánægja með heimilin. Eitt svaranna var: „*Er himinsæl með allan aðbúnað og starfsfólk*“ og hvetur það starfsfólk til að halda áfram á sömu braut.

Auk hefðbundinnar þjónustu var áfram haldið að breyta og bæta húsnæðið, mest í Hlíð enda eru þar elstu byggingarnar og flestir íbúar. Í samstarfi við Fasteignir Akureyrarbæjar var lokið við húsnæðisbreytingar á eldri deildunum í Hlíð og nú eru á hverri deild eldhúskrökur, borðstofa og setustofa. Í hverjum eldhúskrök eru eldavél, ísskápur og alls kyns eldhúsahöld þannig að auðvelt er að halda grautum heitum á morgnana ef íbúar vilja lúra lengur, baka köku þegar verða vill og alltaf er eitthvað matarkyns í ísskápnum eins og á öðrum heimilum. Keypt voru ný húsgögn og reynt að gera deildirnar eins heimilislegar og hægt er. Búnir hafa verið til notalegrir setkrókar í sameiginlegum stofum. Auk þess var búin til aðstaða fyrir bókasafn heimilanna en heimilunum hefur áskotnast mikið af bókum í árunna rás. Fenginn var sérfræðingur í að flokka bækurnar í nýja bókasafninu og er sú vinna enn í gangi.

Lokið var við nýjan garð við viðbygginguna í Hlíð. Þessi garður á að verða nokkurs konar hreyfi- og skynjunargarður þar sem margt er að sjá, hægt er að hlusta og þreifa á plöntum og vatni. Í garðinum er gott aðgengi, mislangir gangstígar, þúttvöllur, tjörn, foss, gosbrunnur, plöntur, gullfiskar og vatnaliljur. Keypt voru vönduð garðhúsgögn fyrir gjafafé hollvinnar ÖA og nú getur fólk borðað úti þegar veður leyfir. Garðurinn er mikið notaður og vinsæll af íbúum og gestum – ekki síst börnum.

Gerðar voru verulegar endurbætur á elstu deildinni í Hlíð (gamla A gangi) og flutti dagþjónustan þangað á haustmánuðum í nýuppgerð og fallegt húsnæði. Mikil ánægja er með nýju aðstöðuna sem býður upp á mikla möguleika í þróun þjónustunnar. Haft var að leiðarljósi að hafa deildina heimilislega. Þar er aðstaða til að elda, hvílast og íðka tómstundir. Stolt deildarinnar er endurminningaherbergi sem er stásstofa deildarinnar. Stofan endurspeglar fyrri tíma og hefur að geyma gömul húsgögn og gamla muni sem deildin hefur fengið að gjöf. Lýðræðið er í hávegum haft í dagþjónustunni. Að undangenginni nafnasamkeppni var það ákvörðun tveggja fulltrúa dagþjónustugesta og eins fulltrúa starfsfólks að velja nafnið Grænahlíð úr fjölda tillagna sem bárust. Miklir haugyrðingar eru á Grænuhlíð og eftirfarandi vísukorn varð til þegar nafnið hafði verið valið.

*Þegar ég geng um Grænuhlíð
gerist eitthvað skemmtilegt.
Hérna vakir vonin blíð,
veiti ég henni eftirtekt.*



FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM

31. desember 2008

Bæjarstjórn Akureyrar:

Kristján Þór Júlíusson
Sigrún Björk Jakobsdóttir
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Hjalti Jón Sveinsson
Hermann Jón Tómasson
Sigrún Stefánsdóttir
Helena Þuríður Karlsdóttir
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson
Baldvin Halldór Sigurðsson
Kristín Sigfúsdóttir

Bæjarráð:

Hermann Jón Tómasson formaður
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Hjalti Jón Sveinsson
Baldvin Halldór Sigurðsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson
(áheymarfulltrúi)

Bæjarstjóri:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Endurskoðendur:

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Skoðunarmenn bæjarreikninga:

Hermann Óskarsson
Jakob Björnsson

FASTANEFNDIR

Stjórnsýslunefnd:

Sigrún Björk Jakobsdóttir formaður
Hermann Jón Tómasson
Helena Þuríður Karlsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir
Oddur Helgi Halldórsson

Skipulagsnefnd:

Jón Ingi Caesarsson formaður
Ólafur Jónsson
Hanna Dögg Maronsdóttir til 07.10.2008
Unnsteinn Jónsson frá 07.10.2008
Jóhannes Árnason
Haraldur S. Helgason

Félagsmálaráð:

Sigrún Stefánsdóttir formaður
Þóra Ákadóttir
Baldvin Valdemarsson
Kristín Sigfúsdóttir
Ingimar Eydal

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar:

Hermann Jón Tómasson formaður til 08.04.2008
Helena Þuríður Karlsdóttir formaður frá 08.04.2008
Elín Margrét Hallgrímsdóttir
Hjalti Jón Sveinsson til 19.02.2008
Eva Hrund Einarsdóttir frá 19.02.2008
Jón Erlendsson
Jóhannes G. Bjarnason

Íþróttaráð:

Ólafur Jónsson formaður
Agnes Arnardóttir
Sveinn Arnarson
Dýrleif Skjöldal
Erlingur Kristjánsson

Samfélags- og mannréttindaráð:

Margrét Kristín Helgadóttir formaður til 28.08.2008
Þorlákur Axel Jónsson formaður frá 28.08.2008
Baldur Dýrfjörð
María Marinósdóttir
Ingólfur Ásgeir Jóhannesson til 07.10.2008
Margrét Ríkardóttir frá 07.10.2008
Gerður Jónsdóttir

Kjarasamninganefnd:

Ásgeir Magnússon formaður
Þórarinn B. Jónsson
María Ingadóttir

Kjörstjórn:

Helgi Teitur Helgason formaður
Þorsteinn Einar Arnórsson
Helga G. Eymundsdóttir

Stjórn Akureyrarstofu:

Elín Margrét Hallgrímsdóttir formaður
Helena Þuríður Karlsdóttir
Unnar Jónsson
Baldvin H. Sigurðsson
Halla Björk Reynisdóttir

Skólanefnd:

Elín Margrét Hallgrímsdóttir formaður
Sigrún Stefánsdóttir
Þorlákur Axel Jónsson til 28.08.2008
Lára Stefánsdóttir frá 28.08.2008
Dýrleif Skjöldal
Anna Halla Emilsdóttir til 01.02.2008
Sigurveig S. Bergsteinsdóttir frá 01.02.2008

Umhverfisnefnd:

Hjalti Jón Sveinsson formaður
Jón Ingi Caesarsson
Linda María Ásgeirsdóttir
Klara Sigríður Sigurðardóttir
Petrea Ósk Sigurðardóttir

Fræðslunefnd:

Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Katrín Björg Ríkardóttir
Hrafnhildur Sigurðardóttir
Friðný Sigurðardóttir
Leifur Þorsteinsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í SAMSTARFSNEFNDUM/VERKEFNUM

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar:

Bæjarstjóri
Bæjartækniþræðingur
Slökkviliðsstjóri

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar:

Baldur Dýrfjörð formaður
Jóhanna Ragnarsdóttir
Þorgerður Þorgílsdóttir
Dýrleif Skjöldal

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri:

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fjölsmiðjan:

Sigrún Stefánsdóttir

Hafnasamlag Norðurlands:

Björn Magnússon formaður
Guðgeir Hallur Heimisson
Anna Júlíusdóttir
Ólafur Þ. Jónsson
Viðir Benediktsson

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra:

Þóra Ákadóttir formaður
Frosti Meldal

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs:

Erlingur Sigurðarson

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri:

Ragnheiður Jakobsdóttir
Guðrún Kristjánsdóttir
Baldvin H. Sigurðsson

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands:

Gunnar Frímannsson
Vígundur Þorsteinsson
Elín Margrét Lýðsdóttir

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra:

Bergur Þorri Benjamínsson

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar:

Bæjarstjóri
Hermann Jón Tómasson
Oddur Helgi Halldórsson

Stjórn sambands íslenskra sveitarfélaga:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Launanefnd sveitarfélaga:

Hermann Jón Tómasson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra:

Sigrún Björk Jakobsdóttir
Kristján Þór Júlíusson
Hermann Jón Tómasson
Hjalti Jón Sveinsson
Sigrún Stefánsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir
Jóhannes G. Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson

Héraðsnefnd Eyjafjarðar:

Hjalti Jón Sveinsson
Kristján Þór Júlíusson til 24.06.2008
Sigrún Björk Jakobsdóttir frá 24.06.2008
Helena Þuríður Karlsdóttir
Baldvin H. Sigurðsson
Jóhannes G. Bjarnason
Oddur Helgi Halldórsson

Stjórn Eypings:

Sigrún Björk Jakobsdóttir

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs.:

Helena Þ. Karlsdóttir
Vilborg Jóhannsdóttir til 24.06.2008
Bjarni Smári Jónasson frá 24.06.2008
Baldvin Esra Einarsson

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:

Kristján Þór Júlíusson

Veiðifélag Eyjafjarðarár:

Hermann Brynjarsson

Vetraríþróttamiðstöð Íslands:

Þórarinn B. Jónsson
Nói Björnsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í STJÓRNUM FYRIR TÆKJA

Flokkun ehf.:

Hermann Jón Tómasson
Baldvin H. Sigurðsson

Fóðurverksmiðjan Laxá hf.:

Dan Jens Brynjarsson

Bekkingarvörður ehf.:

Jón Kristinn Sólnes





Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is